



Jakob Frímann og Birna Rún  
**STÓRI DAGURINN** ▶ 46



Daníel Bjarnason  
**Semur fyrir  
Fílarmóníusveit  
Los Angeles** ▶ 52



**HEILSURÆKT & SUND**

**SUMARTILBOÐ**

Mánaðarkort aðeins

Kr. **7.490,-** **World Class**  
/ ICELAND

# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**

4. maí 2013  
104. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ A ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt Örnefniáskráningu Útvarps- og fjárfestingaráskráringarstofnunarinnar, janúar - maí 2012

## Í SKUGGA GUÐMUNDAR OG GEIRFINNS

**RÚNAR GUÐBRANDSSON** hefur gengið með sýningu sem byggir á eftirmálum hvarfa Guðmundar og Geirfinns í maganum í nítján ár. Hann fékk hugmyndina eftir samtali við Sævar Ciesielski en þeir þekktust vel. Það hefði hver sem er getað lent í þessu, segir Rúnar. ▶ 24



**ÓLST UPP Á MEÐFERÐAR-HEIMILI** Björt Ólafsdóttir, nýr þingmaður Bjartrar framtíðar, átti óvenjulega æsku. ▶ 30



**BRJÁLAD AÐ GERA**

Selma Björns syngur í Hörpu, leikur í Fólkinu í blokkinni og setur upp Hróa hött í Bergen og Boston. ▶ 18

**BOLTINN BYRJAR AÐ RÚLLA**

Umfjöllun um íslenska fótballa-sumarið. ▶ 32



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**1.000**  
MILLJÓNIR SKATTFRJÁLSAR

**SEX X VW BJALLA!**  
5 MILLJÓNIR KRÓNA Í SKOTTINU  
á tvöfaldan miða  
eða 10 milljónir í peningum.



**HAPDRÆTTI**  
**das**  
dregið í hverri viku

„Verst að móðir okkar er ekki á lífi til að njóta þessa dags.“ **8**

Karl Hjaltested um dóm Hæstaréttar í Vatnsendamálinu.

#### SMYGLMÁL PINGFEST 4

Sjö menn komu fyrir Héraðsdóm í gær en þeir eru sakaðir um að hafa reynt að smygla inn miklu magni af amfetamíni og amfetamínbasu.

#### 121 MILLJÓN Í BIÐLAUN 6

Ráðherrar, þingmenn og aðstoðarmenn ráðherra sem nú láta af störfum eiga rétt á biðlaunum.

#### REGLUR UM JARÐAKAUP ÚTLENDINGA HERTAR 10



### SKOÐUN 12→16

#### UMTALSVERÐ ÁHÆTTA 12

Kosningabaráttan var öll út í hött enda er tími loforðanna einfaldlega ekki runninn upp, skrifar Þorsteinn Pálsson.

#### OLÍA VIÐ ÍSLAND 16

Mikilvægt er að Íslendingar dragi lærdóm af því sem önnur ríki í svipaðri stöðu hafa gert í olíumálum, enda ljóst að olíuvinnsla er tímafrek og kostnaðarsöm, skrifar Sævar Þór Jónsson.



### HELGIN 18→42

#### ÉG VAR ÚTI UM ALLT 30

Björt Ólafsdóttir, oddviti Bjartrar framtíðar í Reykjavík norður, gefur lítið fyrir þá gagnrýni að hún hafi verið lítt sýnileg í kosningabaráttunni.

#### AF VONARSTJÖRNUM OG VONARPENINGUM 32

Gerir Veigar Páll gæfumuinn fyrir Stjórnuna í sumar og gefur Víkingur Ólafsvík úrtöluróddum, sem spá nýliðunum falli, langt nef?



#### ÆVINTÝRARLEGAR SAMVERUSTUNDIR 38

Lára Guðrún og Sigríður Arna hafa uppgötvað marga skemmtilega staði í Reykjavík og nágrenni í leiðöngrum með börnunum sínum.

#### KRAKASÍÐA 40 KROSSGÁTA 42

### MENNING 52→66



#### FRÁBÆR FRUMSÝNING 56

Stjórnurnar mættu þrúðklæddar á frumsýningu kvikmyndarinnar The Great Gatsby.

#### VINNA GEGN PYNNU 66

Sigurður Haukur Traustason, Björgvin Sólberg og Tómas Þórsson framleiða drykkinn B.Okay sem inniheldur efni sem tapast úr líkamanum við áfengisneyslu.

#### ÁGÆTLEGA SÁTTUR 66

Myndbandið við Hvolpaást, lag rapparans Emmsjé Gauta og Larry BRD, hefur verið skoðað yfir tíu þúsund sinnum á Youtube.

### SPORT 60

#### FIMM LEIKIR 60

Framstúlkur ætla sér allt annað en silfur í ár eftir dramatiskan sigur á Stjórnunni í Garðabænum í gærkvöldi.



## FIMM Í FRÉTTUM MILLJARÐAR OG FUNDAMARAPON



Jóhanna María Sigmundsdóttir bóndi og framsóknarkona varð í kosningunum yngsti þingmaðurinn til að ná kjöri á Alþingi Íslendinga. Hún er 21 árs.



Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson og Jón Eðvald Vignisson voru meðal stofnenda sprotafyrirtækisins CLARA, sem hefur verið selt til bandaríksks fyrirtækis fyrir milljarð íslenskra króna. Þeir áttu hvor um sig um 15 prósent hlut í fyrirtækinu og hagnast því talsvert.



Ólafur Ragnar Grímsson fékk mikla athygli fjölmiðla þegar hann ákvað að halda blaðamannafund og fundi með formönnum allra flokka á sunnudag og mánudag. Slíkir fundir hafa ekki áður fengið viðlíka athygli, enda yfirleitt ekki auglýstir.



Ása Baldursdóttir er nýr dagskrárstjóri í Bíó Paradís. Hún segist hafa landað draumastarfinu og bíður þess spennt að hefja störf.



→ Heiðar Helguson knattspyrnumaður hefur lagt skóna á hilluna eftir fimmtán ára feril í útlöndum. Þó bárust fréttir af því seinni part vikunnar að íslensk lið hefðu falast eftir kröftum hans.

# Skortir fjármagn til að stöðva eyðingu

Fé sem veitt hefur verið til uppbyggingar á Þingvöllum er ekki nægjanlegt til að koma í veg fyrir tjón á jarðvegi sem myndast með aukinni aðsókn ferðamanna. Gjaldtaka inn í garðinn hefur komið til tals en um slíkt eru skiptar skoðanir.

**ÞJÓÐGARÐAR** Forsætisráðuneytið fer fram á 130 milljóna aukafjárveitingu til verndunar og uppbyggingar á Þingvöllum. Verði hún ekki afgreidd er rætt um gjaldtöku á svæðið. Óttast er að vaxandi ágangur ferðamanna, allt árið um kring skilji Þingvelli eftir sem flakandi sár og víða er jarðvegurinn farinn að láta á sjá og drullusvað myndast á göngustígum.

„Það hefur verið reynt að bregðast við en Þingvellir fengu fremur snautlega afgreiðslu úr fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar. Af þeim 750 milljónum sem veitt var í uppbyggingu við ferðamannastaði fengum við um sextíu. Til viðbótar fengum við svo tuttugu milljónir gegn því að leggja tuttugu á móti. En það er ekki nóg,“ segir Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar.

Erna Hauksdóttir, formaður Samtaka ferðapjónustunnar, segir 60 milljónir góða byrjun en ljóst sé að ráðast þurfi í að bæta verulega í alls staðar við verndun vinsælla ferðamannastaða.

„Auðvitað hefði átt að vera löngu búíð að setja pening í þetta drullusvað sem orðið er, en það þýðir ekki að horfa í bakspegilinn. Við höfum lýst yfir vilja til að vinna að aðgerðapakka með nýrri ríkisstjórn. Við erum öll í sama liðinu þegar kemur að þessum málum. Við viljum öll það sama,“ segir Erna.

Nokkuð hefur verið rætt um gjaldtöku inn á Þingvelli og aðra vinsæla staði. Hugmyndin er þó umdeild. Álfheiður segir gjaldtökuna ekki raunhæfa. „Menn hafa rætt þetta sín á milli en mér hugnast það ekki. Mín sýn er að borgað



**SKUGGAHLIÐ Á FERÐAPIJÓNUSTU** Farið var í mikið átak til að fjölga ferðamönnum á Íslandi allt árið. Átakið á sér dekkri hlið þar sem ekki var farið samhlíða í aðgerðir til varnar auknum ágangi.

sé fyrir þjónustu á svæðinu líkt og við þekkjum við veiðar og í Silfrú. Það hefur gefist ágætlega og við náð að tvöfalda sértekkjurnar þrátt fyrir niðurskurð. Þannig getum við boðið upp á aukna þjónustu á svæðinu.“

Erna segist hlynnt gjaldtöku í einhverjum skilningi. Skerpa verði þó á útfærslum. „Við verðum að vanda okkur við að finna lausn. Okkur hefur hugnast betur að selja náttúrurupassa þar sem gjald er greitt um ákveðin svæði.

**ERUM ÖLL Í SAMA LIÐINU** Erna Hauksdóttir, formaður Samtaka í ferðapjónustu segir, að marka verði skýra stefnu með sátt allra aðila. Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar, segir reynt hafi verið að bregðast við en fjárveitingu skorti.

Okkur hugnast hins vegar ekki að hafa posa við hvern foss. Enda er slíkt líka kostnaðarsamt. Eðlilegast er að að ríkið komi til móts með peninga í viðeigandi hlutfalli við skatttekjur ferðapjónustunnar sem hafa aukist verulega.“

maria@frettabladid.is



## Leyfislaus starfsmaður þarf að svara fyrir ár sín sem hjúkrunarfræðingur: Landspítalinn ákvað að kæra

**HEILBRIGÐISMÁL** Starfsmaður Landspítalans, sem gekk réttindalaus í störf hjúkrunarfræðings á krabbameinsdeild spítalans í tvö ár, hefur verið kærður til lögreglu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Eins og Fréttablaðið greindi frá um miðjan apríl var um að ræða íslenska konu um þrítugt. Var henni þegar sagt upp störfum fyrir að villa á sér heimildir. Hún hafði aðeins tveggja ára hjúkrunarfræðinám að baki en grunnám í hjúkrunarfræði tekur fjögur til sex ár.

Félag hjúkrunarfræðinga sendi frá sér ályktun þegar málið kom upp. Þar sagði að það sé lítið alvarlegum augum að starfsmaður fái vinnu sem hjúkrunarfræðingur án tilskilins leyfisbréfs Landlæknisembættisins. Landlæknir tók undir áhyggjur Félags hjúkrunarfræðinga í kjölfarið og sagði málið grafalvarlegt. Hann sagði ábyrgð mála sem þessara hvíla alfarið hjá viðkomandi heilbrigðisstofnun og í þessu tilfalli Landspítalanum, sem hefur nú tekið ákvörðun um að kæra starfsmanninn til lögreglu.



Á LSH Konan vann á krabbameinsdeild í tvö ár, án réttinda. Myndin tengist fréttinni ekki beint.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Stórir Humarhalar**  
Stærð 9-12  
**7.900 kr.kg**

Millistærð Humarhalar Stærð 15-18 ..... **6.900 kr.kg**

Smáir Humarhalar Stærð 24-30 ..... **4.900 kr.kg**

Humarklær ..... **990 kr.kg**

Humarsúpa 1. líter ..... **1.490 kr.kg**

Fiskisúpa 1.líter ..... **1.490 kr.kg**

**Opið laugardag 10-15**

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • fiskikongurinn.is



LÝKUR UM HELGINA!

# ALLT Í GARÐINN TAX FREE

GLEÐILEGT  
SUMAR!

Garðverkfæri • Háprýstidælur  
Garðhúsgögn • Garðleikföng • Trampolín

Hekklippur • Áburður  
Útsæði • Grasfræ • Hjólbörur • Mold

Garðklippur • Garðhanskar  
Kryddplöntur • Garðálfar og garðstytur

Garðskraut • Gosbrunnar

Luktir • Pottar og svalaker

Plastpottar • Rauðleirspottar

Bambusprik • Stoðstangir

Akryldúkur • Jarðvegsdúkur og strigi

Vökvunarkönnur • og margt fleira!



blómaval



HÚSASMÍÐJAN  
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956

LÆGSTA  
LAGA VERÐ

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lágá verð Húsasmíðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma. Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Að sjálfsgöðu stendur Húsasmíðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.


27.04.2013 → 03.05.2013



2

Tveimur háhyrningum af sex sem voru strand í Heiðarhöfn á Langanesi var bjargað. Hinir drápu.

Umferð um hringveginn dróst saman um 4,6 prósent milli ára í aprílmánuði.



18

Grásleppu-vertíðin í ár er átján dögum styttri en í fyrra.



12,6% Konur eru 12,6 prósent starfandi lögreglumanna.



Frá því í febrúar hefur verðið á bensínlítranum lækkað um þrjátíu krónur.

Fílafuglseggssteingervingur seldist á 11 milljónir króna hjá Christie's.

ÍSLENDINGUR OG DANI skiptu á milli sín stóra vinningnum í Víkingalottóinu í vikunni. Hvor fékk 54 milljónir króna í vinning.

22.00

Tólf ára börn og yngri mega nú vera úti til tíu á kvöldin og eldri börn til miðnætis.



HVALVEIÐAR BODADAR Eftir tveggja ára hlé er ráðgert að Hvalur 8 og Hvalur 9 verði sendir til veiða í júní.

Hvalbátar gerðir klárir:

## Hvalveiðar eftir tveggja ára hlé

**VEIÐI** Hvalveiðar munu hefjast að nýju í sumar eftir tveggja ára hlé. Morgunblaðið greindi frá þessu í gær.

Haft er eftir Kristjáni Loftsyni, framkvæmdastjóra Hvals hf., að veiðarnar munu hefjast í byrjun júní og standa fram í lok september. Veiðarnar munu að sögn Kristján skapa um 150 störf við veiðar og vinnslu.

Veiðarnar verða stundaðar á Hval 8 og Hval 9 og verða bátarnir teknir í slipp á næstunni og gerðir klárir fyrir vertíðina. - h6

Fjörtán aðildarríki ESB:

## Endurgreiða landbúnaðarfé

**BRUSSEL** Framkvæmdastjórn ESB hefur krafði fjörtán aðildarríki um endurgreiðslu 230 milljóna evra, sem hafði verið veitt úr landbúnaðarkerfi sambandsins.

Fjármuninum hafði ekki verið varið samkvæmt reglum sambandsins og voru þau því endurkölluð.

Hæstu kröfurnar eru á Grikkland sem þarf að endurgreiða meira en 120 milljónir evra og Pólland sem greiðir rúmar 80 milljónir.

Um þriðjungur útgjalda ESB fara til landbúnaðarmála. - þj

# Hluti sakborninga játar aðild að amfetamínsmygli

Tveir Litháar og einn Íslendingur neita aðild að smygli á 19,4 kílóum af amfetamíni og 1,7 lítrum af amfetamínbasu til landsins í pósti frá Danmörku. Tveir Íslendingar játa sök að hluta og tveir að hafa reynt að leysa efnin úr pósti.

**DÓMSTÓLAR** Sjö menn sem eru sakaðir um skipulagningu og aðild að smygli á tæpum 19,5 kílóum af amfetamíni og 1,7 lítrum af amfetamínbasu í janúar síðastliðnum ýmist játuðu eða neituðu sök fyrir dómi í gær. Reynt var að smygla efnunum í pósti frá Danmörku.

Mál á hendur mönnum fyrir stórfelnt fíkniefnalagabrot og aðild að slíku broti var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, en það er með umfangsmestu smyglmálum sem hér hafa upp komið.

Af mönnum sjö hafa fimm setið í gæsluvarðhaldi frá því í janúar og voru færðir fyrir dóminn í júní. Tveir þeirra eru frá Litháen, Dainius Kvedaras og Darius Kochanas. Hinir eru Íslendingar, Jónas Fannar Valdimarsson, Jón Baldur Valdimarsson og Símon Páll Jónsson.

Íslendingarnir eru sagðir hafa staðið fyrir smyglinu á amfetamíninu, en að auki er Dainius ákærður fyrir hlutdeild í því broti, með því að hafa aðstoðað við flutning á fíkniefnunum til sendingar til Íslands á pósthús í Danmörku.

Símon Páll játar sök í smyglmálinu, en neitar því þó að hafa lagt á ráðin um smyglið. Jónas Fannar neitar sök samkvæmt lýsingu í ákæru, en játar þó hlutdeild að brotinu. Þá neitar hann að hafa átt þátt í smyglinu á amfetamínbasanum.

Jón Baldur neitar alfarið sök hvað smyglið varðar, en játar að hafa átt gramm af hassi, smáræði af marjúána og tæpt hálf gramm af alsælu sem hald var lagt á við



Í **DÓMSAL 101** Sakborningar í stóru fíkniefnamáli sem upplýst var um í janúar hylja andlit sín áður en mál ákærvaldsins á hendur þeim var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

húsleit hjá honum. Dainius og Darius neita báður öllum sakargiftum varðandi smyglið, hvort heldur sem það snýr að amfetamíninu eða amfetamínbasanum.

Yngstu sakborningarnir tveir, á 24. og 23. aldursári, sem ekki voru í gæsluvarðhaldi játuðu báðir aðild sína að málinu í héraðsdómi í gær. Þeir voru, hvor í sínu lagi, sendir á pósthús á höfuðborgarsvæðinu til að leysa út fíkniefnasendinguna frá Danmörku.

Símon Páll og Jónas Fannar, sem játuðu brot sín að hluta, hafna

báðir kröfu ákærvaldsins um upptöku varnings- og efna sem lögregla gerði upptæk hjá þeim við handtöku í janúarlök. Gerð var krafa um upptöku á trékylfu, hafnaboltakylfu og öxi, auk testosteron-stungulyfs, hjá Símoni Páli og sterastungulyfjum hjá Jónasi Fannari, testosteroni, trenboloni, nandroloni og sustanoni.

Guðjón St. Marteinnsson héraðsdómari dæmir í málinu, en áætlað er að aðalmeðferð í því fari fram 30. og 31. þessa mánaðar.


olikk@frettabladid.is

## 17 kg

Fram kemur í ákæru að úr 1.710 millilítrum af amfetamínbasavökva sem reynt var að smygla til landsins í megi framleiða um 1.350 grömm af amfetamínsúlfíði. Það má drýgja í rúm 17 kíló af amfetamíni í neyslustyрк.

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**VÍÐA RIGNING** Það verður fremur milt en úrkomusamt á landinu í dag. Á morgun snýst vindur til norðanáttar með eljum og heldur kólnandi veðri fyrir norðan.

Alicante 20°	Billund 14°	Gautaborg 14°	London 14°	Orlando 27°	San Francisco 22°
Basel 16°	Frankfurt 20°	Kaupmannahöfn 14°	Mallorca 20°	Ósló 9°	Stokkhólmur 14°
Berlín 20°	Friedrichshafen 16°	Las Palmas 22°	New York 18°	París 17°	

Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður



**Til leigu verslunarhúsnæði á besta stað í miðbæ Hafnarfjarðar**

Til leigu verslunarhúsnæði við Fjarðargötu 19 í miðbæ Hafnarfjarðar. Hægt er að leigja húsnæði á bilinu 130 til 364,2 fermetrar. Góð bílastæði, gott aðgengi og stórir gluggar. Húsnæðið er laust.

**Uppl. veita Úlfar Þór Davíðson s: 897-9030 og Gunnar Skúli Guðjónsson 696-7008**

## ÚTIDYRAMOTTUR Í ÚRVALI

NÚ VERD FRÁ:

**195**

SPARIÐ  
**1000**

**SPORTSKÓR**  
Góðir sportskór fyrir stelpur og stráka á frábæru verði! Stærðir: 24-33.

FULLT VERD: 4.995

**3.995**

**24%  
AFSLÁTTUR**

FULLT VERD: 1.695

**1.295**

PLUS  
ÞÆGINDI  
& GÆÐI

**DELUX KODDI**

Góður koddur fylltur með polyesterkúlutrefjum. Frábært verð!  
Stærð: 50 x 70 sm. Þyngd: 600 gr. Polir þvott við 60°C.

# FRÁBÆR TILBOÐ!

SPARIÐ  
**20.000**  
SKÁPUR

GLERSKÁPUR FULLT VERD: 89.950

**69.950**

VALTOR  
KORTALÁN  
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

**HOUSTON TUNGUSÓFI**  
Flottur, svartur tungusófi með PU áklæði. Stærð: B241 x L160 x H80 sm.

SPARIÐ  
**30.000**  
TUNGUSÓFI

SÓFI FULLT VERD: 89.950

**59.950**

UTAN HÆGINDASTÓLL

**19.950**

**HAMPTON  
SÓFABORD**  
Stærð: 74 x 120 sm.

**24.950**

SÓFABORD

ALLT AÐ  
**23%  
AFSLÁTTUR**

NÚ VERD FRÁ:

**795**

**BARIA KAPPAR**

Flottir kappar í mögnuðum litum. Efni: 80% polyester og 20% rayon. Breidd: 45 sm. 995 nú **795** pr. mtr. Breidd: 60 sm. 1.295 nú **995** pr. mtr.

**3 FÜR  
2**

ÁN PARABEN OG SLS

VERD FRÁ:

**459**

**PURE DEAD SEA VÖRUR**

Gæðavörur unnar úr Dauðahafinu. Nú á frábæru tilboðsverði! Sjampó, hárnæring, sturtusápa, fótakrem, handkrem, baðsalt o.m.fl. Fæst í nokkrum ilfum.

**20%  
AFSLÁTTUR**

NÚ VERD FRÁ:

**3.195**

**GREECE FERÐATÖSKUR**  
Lítill 3.995 nú **3.195**  
Miðstærð 5.995 nú **4.795**  
Stór 7.995 nú **6.395**

KAUPTU 2  
OG SPARAÐU  
**1000**

1 SETT

**1.995**

BASIC  
FRÁBÆRT  
VERD

**MOLLIE SÆNGURVERASETT**

Efni: 100% pólýestermíkróffiber. Lokað að neðan með rennilás. 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm. Nú 2 sett **2.990**

**Dunlopillo**

SPARIÐ  
**4000**

FULLT VERD: 12.950

**8.950**

GOLD  
EINSTÖK  
GÆÐI

**COMFI DREAM THERMOTREFJASÆNG**

Góð sæng fyllt með 2 x 600 gr. af fingerðum holtrefjum. Hentar vel fyrir þá sem hættir til að fá ofnæmi. Í raun tvær sængur saumaðar saman á þann hátt að hitaainangrandi loftrúm myndast á milli þeirra. Polir þvott við 60°C. Sængurtaska fylgir. Stærð: 135 x 200 sm.

**25%  
AFSLÁTTUR**

**THERMO LEGGINGS**

**THERMO LEGGINGS**  
Hljjar og góðar, svartar leggings. Barnstærðir: 3-14 ára 1.295 nú **969**  
Fullorðinsstærðir: S-XL 1.495 nú **1.121**

NÚ VERD FRÁ:

**969**

**RÚMFATA  
LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR TIL 08.05.13

## Sjálfsöryggi og sátt



## Sjálfsstyrkingarnámskeið

Sjálfsöryggi og sátt er 10 skipta (20 klst.) námskeið á vegum Kvíðameðferðarstöðvarinnar þar sem kenndar eru aðferðir til að bæta sjálfstraust. Lítið sjálfstraust getur hamlað fólki í daglegu lífi, haft veruleg áhrif á lífsgæði og valdið þrálátri vanlíðan.

Námskeiðið byggir á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar, jafnframt því sem lögð er áhersla á árvekni (mindfulness) og sátt (acceptance). Á námskeiðinu læra þátttakendur leiðir til að bæta öryggi í samskiptum og leikari kemur í heimsókn og fjallar um framkomu og líkamstjáningu.

Námskeiðið hefst þriðjudaginn 14. maí kl. 15 og munu sálfræðingar Kvíðameðferðarstöðvarinnar stýra námskeiðinu.

Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is  
Nánari upplýsingar: www.kms.is

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga  
Ársfundur 2013

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga verður haldinn þriðjudaginn 21. maí kl. 16.30, í sal Bandalags háskólanna að Borgartúni 6, 3.hæð, Reykjavík.

## Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin
3. Breyting á samþykktum sjóðsins
4. Sameining lífeyrissjóða

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélag eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta  
Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarinnar.

Reykjavík, 2. maí 2013  
Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

## Leiguhúsnæði óskast

Okkur vantar góðan  
stað fyrir þjónustu

Reykjavíkurborg leitar að leiguhúsnæði fyrir þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíðar miðsvæðis á þjónustusvæði hennar. Gert er ráð fyrir 5 ára leigutíma með möguleika á framlengingu.

Húsnæðið þarf að vera 1.100 – 1.200 fermetrar, fullbúið til notkunar, en án lauss búnaðar. Aðgengi þarf að vera gott, næg bílastæði og góð tengsl við almenningsgöngur. Æskilegt er að húsnæðið sé tilbúið til afhendingar eigi síðar en 1. september 2013. Til greina kemur að leigja allt að 1.500 fermetra til viðbótar á sama stað fyrir aðra starfsemi.

Nánari upplýsingar um kröfur til húsnæðisins er að finna á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/eignir

Tilboðum skal skila til þjónustuvæðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12 – 14 fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 16. maí 2013.



Reykjavíkurborg | 411 1111 | www.reykjavik.is/eignir

Formenn segjast ekki vera í „óformlegum viðræðum“ um stjórnarmyndun:  
Bjarni hitti Sigmund ekki í gær

**STJÓRN MÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, kannast ekki við að standa í „óformlegum viðræðum“ við Framsóknarflokkinn um myndun ríkisstjórnar, eins og sagt var í fjölmiðlum í gær.

Á Facebooksíðu sinni sagði Bjarni í gærkvöldi: „Ég gæti hafa verið inni í bílskúr eða bak við hús og misst af einhverju en þessar viðræður fóru ekki fram með minni þátttöku.“

Ekki náðist í Bjarna í gærkvöldi, en Svanhildur Hólm Valsdóttir,

aðstoðarkona hans staðfesti við Fréttablaðið að Bjarni og Sigmundur hefðu ekki hist í gær og enginn fundur væri fyrirhugaður í dag.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins bar einnig til baka á sinni síðu fréttir um að hann hafi hitt Bjarna og Katrínu Jakobsdóttur, formann Vinstri grænna í gær. Hann hafi hitt hvorugt.

„Dagurinn hefur farið í að skoða tölfræði og tækifæri. Það var uppörvandi vinna.“



**ENGIR FUNDIR FYRIRHUGAÐIR** Engar stjórnarmyndunarviðræður áttu sér stað í gær að sögn formanna Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Engir fundir eru á dagskrá í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Biðlaunaréttur upp  
á 121 milljón króna


Ráðherrar, þingmenn og aðstoðarmenn ráðherra sem nú láta af störfum eiga rétt á biðlaunum sem nema rúmri 121 milljón króna. Nokkurra mánaða þingseta gefur rétt á þriggja mánaða biðlaunum. Önnur laun skerða biðlaunaréttinn.

**ALÞINGI** Biðlaunaréttur þingmanna, ráðherra og aðstoðarmanna ráðherra nemur 121.190.484 krónum. Óvíst er hvort allir nýti sér rétt sinn og taki þeir að sér önnur störf dragast launin frá biðlaunaréttinum.

Alls luku 27 þingmenn störfum á Alþingi eftir nýafstaðnar kosningar. Sumir þeirra náðu ekki kjöri en aðrir höfðu ákveðið að gefa ekki kost á sér. Þessir þingmenn eiga allir rétt á biðlaunum. Þeir sem hafa setið lengur en eitt kjörtímabil eiga rétt á sex mánaða biðlaunum. Þeir sem hins vegar hafa aðeins setið eitt kjörtímabil, eða skemur, eiga rétt á þriggja mánaða biðlaunum. Þá skiptir engu hvort þeir sátu allt kjörtímabilið eða aðeins nokkra mánuði. Þingfararkaupið er 630.025 krónur á mánuði.

Laun ráðherra samanstanda af þingfararkaupi og ráðherraálagi. Forsætisráðherra er með 1.231.092 krónur á mánuði, en aðrir ráðherrar 1.112.606 krónur.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á rétt á sex mánaða biðlaunum, eða tæplega 7,4 milljónum króna. Hún hættir bæði sem ráðherra og þingmaður og er því talin báðum megin í þessu uppgjöri, þar sem laun hennar eru tvískipt. Hún á hins



\*Biðlaunaréttur Jóhannu Sigurðardóttur skiptist í ráðherra- og þingmannahluta

Alls: **121.190.484 kr**

vegar rétt á því að fara á eftirlaun og því er óvíst hvort hún þiggur biðlaun.

Hinir sjö ráðherrarnir sitja allir áfram á Alþingi. Þeir eiga þó rétt á biðlaunum vegna ráðherrahluta launnanna, eða 482.581 krónu, í sex mánuði, samtals 3,6 milljónir króna hver ráðherra.

Aðstoðarmenn ráðherra eru 11 talsins og þeir fá sömu laun og skrifstofustjórar, eða 715.235 krónur á mánuði. Þeir eiga rétt á þriggja mánaða biðlaunum, eða rúmlega 2,1 milljón króna hver.

kolbeinn@frettabladid.is

# 12

þingmenn eiga rétt á sex mánaða biðlaunum og 15 á þriggja mánaða.



**VIÐBÚNAÐUR** Allt tiltækt slökkvilið var að störfum á svæðinu.

Mikill viðbúnaður hjá slökkviliðinu vegna elds í gaskútum:

## Lokað vegna sprengihættu í Hafnarfirði

**ELDUR** Mikill viðbúnaður var hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í gær þegar eldur kom upp í iðnaðarhúsnæði í Gjáhellu í Hafnarfirði. Eldurinn komst í gaskúta sem voru innandyra í húsnæðinu og skapaðist mikil sprengihætta í kjölfarið.

Aðgengi að öllu iðnaðarhverfinu var lokað vegna hættunnar

en allt tiltækt slökkvilið og fjöldi lögreglumanna voru að störfum á svæðinu. Vel tókst að ráða niðurlögum eldsins og hafði slökkviliði náð að slökkva hann í gærkvöldi. Unnið var að því að kæla niður kæla kútana niður og var því enn töluverð sprengihætta.

- h6

Parf að verjast fordómum:  
Kyenge er fyrsti svartir ráðherra í ríkisstjórn Ítalíu

**ÍTALÍA, AP** Kyenge, fyrsti ráðherra Ítalíu af svörtum uppruna, tók við embætti innflytjendaráðherra nú í lok febrúar. Kyenge, sem er skurðlæknir að mennt, fæddist í Kongó en fluttist til Ítalíu fyrir um þrjátíu árum til þess að nema læknisfræði.

Í starfi sínu sem ráðherra hefur hún þurft að verjast kynþáttafordómum, meðal annars frá samstarfsfélögum sínum á þingi en Cecile segir mikilvægt að uppfræða þjóðina þar sem kynþáttafordómur eigi rætur sínar í þekkingarleysi. Hún segir að sitt fyrsta verk sem ráðherra muni vera að tryggja réttindi barna innflytjenda sem í dag geta ekki sótt um ítalskan ríkisborgararétt fyrr en 18 ára gömul þrátt fyrir að hafa fæðst í landinu.



**CECILE KYENGE**

- h6

# Til hamingju Íslandshótel

Landsbankinn óskar Íslandshótelum til hamingju með kaup á fasteigninni við Ketilsbraut 22 á Húsavík, sem fjármögnuð er af bankanum. Þar er starfrækt Fosshótel Húsavík, sem er 70 herbergja vel útbúið þriggja stjörnu heilsárshótel. Landsbankinn er öflugur og traustur samherji og leiðandi í lánveitingum til ferðaþjónustufyrirtækja.

**3.450** fermetrar

**70** hótelherbergi

**35** starfsmenn

**140** rúm





INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

### Umsókn um íslenskan ríkisborgararétt Breyttur afgreiðslustaður

Athugið að frá 1. maí 2013 skulu umsóknir og erindi vegna ríkisborgararéttar berast Útlendingastofnun, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, sími 510 5400.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Útlendingastofnunar [www.utli.is](http://www.utli.is).

Fyrirspurnum vegna umsókna sem borist hafa innanríkisráðuneytinu fyrir 1. maí 2013, ber hins vegar að beina til ráðuneytisins.

### Application for Icelandic citizenship New point of contact

Please be advised that from the 1st of May 2013 applications and inquiries for Icelandic citizenship should be delivered to the Directorate of Immigration at Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, tel. 510 5400.

Further information can be found on the website of the Directorate of Immigration [www.utli.is](http://www.utli.is).

Inquiries regarding applications received by the Ministry of the Interior before the 1st of May 2013 should be addressed to the ministry.

Innanríkisráðuneytinu 4. maí 2013.

# Vatnsendi ekki í eigu Þorsteins skattakónings

Hæstiréttur staðfesti í gær niðurstöðu Héraðsdóms um að landið á Vatnsenda í Kópavogi sé enn í beinni eigu dánarbús Sigurðar Kristjáns Hjaltested. Núverandi ábúandi hefur haft miklar tekjur af landinu og deilt við föðurbræður sína.

**DÓMSMÁL** Jörðin að Vatnsenda í Kópavogi er enn í beinni eigu dánarbús Sigurðar Kristjáns Lárussonar Hjaltested, en ekki sonarsonar hans og núverandi ábúanda, Þorsteins Hjaltested. Þetta er niðurstaða Hæstaréttar frá í gær, en um er að ræða staðfestingu á niðurstöðu Héraðsdóms Reykjaness frá því í nóvember síðastliðnum.

Um 7.000 manna byggð er nú í Vatnsenda og er gert ráð fyrir enn frekari uppbyggingu á svæðinu. Kópavogsbær hefur greitt Þorsteini hátt í þrjú milljarða króna vegna eignarnáms í fjórum áföngum frá árinu 1992. Kópavogsbær hefur tekið undir sig hátt í 2.000 hektara af Vatnsendalandinu, en eftir síðasta eignarnám voru aðeins fjöru-tíu hektarar eftir af jörðinni. Auk þeirrar upphæðar hefur Þorsteinn, sem skráður eigandi, haft meiri tekjur af landinu í gegnum ákvæði í samningum við Kópavogsbæ. Þorsteinn greiddi mest allra í skatt á Íslandi árin 2010 og 2011.

Deilan um landið hefur staðið frá árinu 1967, en á sér rætur allt til 1940. Þá lést Magnús Einarsson Hjaltested og eftirlét frænda sínum, Sigurði Kristjáni Lárusyni Hjaltested eftir jörðina, með ýmsum skilyrðum þó, meðal annars að jörðina



**GAMLI VATSENDAÞÆRINN** Eftir áratuga deilur hefur nú verið staðfest í Hæstarétti að jörðin að Vatnsenda er enn í beinni eigu dánarbús Sigurðar Kristjáns Hjaltested, en ekki núverandi ábúanda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mætti ekki selja og að hún skyldi ganga að erfðum til elsta sonar í beinan karlegg.

Við andlát Sigurðar árið 1966 hlaut Magnús, elsti sonur hans og faðir Þorsteins, umráð og afnot yfir jörðinni, en síðan þá hafa yngri hálfbræður Magnúsar, þeir Sigurður Kristján og Karl Lárus deilt við Magnús og síðar Þorstein um landið.

Í niðurstöðu Hæstaréttar að þessu sinni segir að í tengslum við yfirfærslu umráða og afnota af jörð-

inni frá dánarbúi Sigurðar til Magnúsar sonar hans árið 1968 sé „hvergi minnst á afsal til Magnúsar á beinum eignarrétti yfir jörðinni“. Auk þess verði ekki séð að „þeim rétti hafi síðar verið ráðstafað til hans með skiptayfirlýsingu eða afsali“.

Því teljist telst beinn eignarréttur að jörðinni Vatnsenda í Kópavogi enn vera á hendi dánarbúsins.

Ekki náðist í Þorstein við vinnslu þessarar fréttar.

thorgils@frettabladid.is

## → „Nú byrja alls konar mál..“

Með dómi Hæstaréttar má segja að Karl Hjaltested og Sigurður bróðir hans hafi unnið sigur í málinu.

„Þetta er það sem við höfum alltaf sagt og staðfestir dóm Hæstaréttar frá 1968 þar sem tekið er fram að ekki sé deilt um eignarhald, heldur fór aðeins ábúanda- og afnotaréttur til Magnúsar bróður míns. Karl segir þetta ánægjudag.“

„Það er bara verst að móðir okkar er ekki á lífi til að njóta þessa dags.“ Hann segir framhaldið óljóst, enda margt í málinu. „Nú byrja alls konar mál, við eigum eftir að setjast niður og skoða næstu skref.“



## → Skoða málið um helgina

Málið getur haft gríðarmikil áhrif á Kópavogsbæ og framtíðaruppbyggingu á svæðinu. Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri sagði í samtali við Fréttablaðið að hann hafi ekki haft tækifæri til að skoða dóminn til hlítar, en málið væri í skoðun.

„Ég mun hitta lögfræðinga og embættismenn bæjarins um helgina og við munum leggja yfir þetta. Ég hef hins vegar ekki náð að kynna mér dóminn og get ekki tjáð mig frekar um það, að svo komnu máli.“



Vissir þú að...



Foreldrar bera megin ábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sína.

# 20 ára

# afmælisafsláttur

## 20 - 60% af öllum húsgögnum

# Hirzlan

Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)



# BUSINESS MODEL CANVAS SLÆR Í GEGN Á ÍSLANDI



TAKK

Þökkum fyrir  
frábæra þátttöku!

## ARION BANKI BÝÐUR ÞÉR Á NÁMSKEIÐ

**Um 1.000 manns nýttu tækifærið og kynntu sér Business Model Canvas á fyrirlestri Alexander Osterwalder og Arion banka 30. apríl síðastliðinn.**

Vegna þessa mikla áhuga hefur Arion banki ákveðið að bjóða þeim sem hafa áhuga á viðskiptapróun og nýsköpun innan fyrirtækja á námskeið um þessa snjöllu leið til að móta og þróa viðskiptamódel. Með þessu vill bankinn styðja enn frekar við nýsköpun í atvinnulífinu.

Fyrsta námskeiðið verður í höfuðstöðvum Arion banka í Borgartúni þann 30. maí kl. 09.00–10.30. Fyrirlesari verður Kristján Freyr Kristjánsson, framkvæmdastjóri Klak Innovit, en hann hefur bæði kennt og unnið með aðferðina um allan heim.

Nánari upplýsingar um námskeiðið og Business Model Canvas má finna á [arionbanki.is](http://arionbanki.is).

 Arion banki

## Aðalfundur ÍFR 2013



Aðalfundur Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík verður haldinn laugardaginn 11. maí 2013 kl. 14.00 í íþróttahúsi félagsins að Hátúni 14.

**Dagskrá:**  
Venjuleg aðalfundarstörf  
Önnur mál

**Stjórnin**

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Frárennsli af steypubíl innihélt járnnoxíð: Gleráin varð blóðrauð

**AKUREYRI** Glerá á Akureyri litaðist blóðrauð um hádegisbil í gær og vakti skiljanlega athygli vegfaranda. Ástæðan er sú að fyrirtækið Mól og sandur hafði skolað af steypubíl sem innihélt áður rauða steypu og rann frárennslið í ána.

Hjörtur Narfason, framkvæmdastjóri hjá Mól og sandi, segir rauða litinn vera járnnoxíð, sem sé náttúrulegt litarefni.

„Það er mjög sjaldgæft að svona komi fyrir,“ segir hann. „En járnnoxíð er unnið úr jarðefnum þótt það liti svona mikið.“ Glerá hafði



**BREYTT ÁSYND** Járnnoxíð sem var helli í ána er að sögn Hjartar Narfasonar náttúrulegt litarefni. MYND/BALDVIN SIGURÐSSON tekið sinn eðlilega lit seinnipartinn í gær. „Svo þarf bara að láta Hriseynga vita þegar bletturinn nær til þeirra,“ segir Hjörtur að lokum. -sv



**REYKJAVÍK** Nýja reglugerðin nær ekki einungis yfir jarðir heldur einnig fasteignir. Framvegis verður einstaklingum frá ríkjum á EES því ekki heimilt að kaupa hús í Reykjavík nema þeir hyggist búa hér eða stunda einhvers konar starfsemi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Samfélagsstyrkir Landsbankans

Landsbankinn veitir 15 milljónum króna í samfélagsstyrki árið 2013. Samfélagsstyrkjum er ætlað að styðja við verkefni á ýmsum sviðum, þar á meðal í mannúðarmálum, menningu og listum, menntun, rannsóknum og vísindum, forvarna- og æskulýðsstarfi og sértækri útgáfustarfsemi.

### Veittir eru styrkir í þremur þrepum:

- » 1.000.000 kr.
- » 500.000 kr.
- » 250.000 kr.

### Verkefni sem einkum koma til greina:

- » verkefni mannúðarsamtaka og góðgerðarfélaganna
- » verkefni á sviði menningar og lista
- » menntamál, rannsóknir og vísindi
- » forvarna- og æskulýðsstarf
- » sértæk útgáfustarfsemi

### Umsóknarfrestur til 13. maí.

Umsóknarfrestur vegna samfélagsstyrkja er til og með mánudeginum 13. maí 2013. Dómnafnd er skipuð fagfólki á hverju sviði. Sótt er um styrkina rafrænt á landsbankinn.is.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru ferns konar styrkir veittir: Námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

Nánari upplýsingar á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is).

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



## Lögheimili á Íslandi skilyrði jarðakaupa

Innanríkisráðherra hefur hert reglur um kaup útlendinga á jörðum og fasteignum hérlandis. Samtök atvinnulífsins hafa til skoðunar hvort reglurnar standist EES-samninginn. Innanríkisráðherra segir svo vera.

**VIÐSKIPTI** Íbúum og lögaðilum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) er nú óheimilt að kaupa jarðir eða fasteignir á Íslandi án þess að þeir hyggist setjast hér að eða stunda einhvers konar starfsemi. Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, undirritaði reglugerð sem kveður á um þetta 17. apríl.

Unnið hefur verið að reglugerðinni í innanríkisráðuneytinu um nokkra hríð. Þannig greindi Fréttablaðið frá því í janúar að unnið væri að reglugerð sem þessari og hafði þá eftir Ögmundi Jónassyni að það væru ekki síst jarðakaup evrópskra auðmanna hér á landi sem hefðu verið kveikjan að vinnunni við reglugerðina.

Reglugerðin hefur það í för með sér að ríkisborgari á EES þarf framvegis að sækja um að fá að kaupa jarðir eða fasteignir hér á landi og sýna fram á að kaupin „séu sannarlega liður í því að hann nýti rétt sinn til að hafa hér á landi lögmæta dvöl eða starfsemi“ eins og það er orðað í tilkynningu ráðuneytisins vegna málsins.

Ögmundur Jónasson segir að ríkisborgarar á EES standi nú jafnfætis öðrum útlendingum hvað varðar möguleika á jarða- og fasteignakaupum. „Það sem er að gerast er að EES-borgarar hafa ekki sömu forréttindi og þeir höfðu

gagnvart kaupum á jarðnaði og fasteignum almennt. [...] Hins vegar hafa EES-borgarar eftir sem áður meiri réttindi þegar kemur að því að stunda atvinnurekstur á Íslandi,“ segir Ögmundur.

Nokkur dæmi eru um að erlendir einstaklingar hafi keypt jarðir hér á landi en talið er að 1,3% íslenskra jarða hið minnsta séu í eigu erlendra aðila að hluta eða alfarið. Þekktasti erlendir jarðeigandinn hér á landi er sennilega Svisslendingurinn Rudolf Lamprecht sem hefur á síðustu tíu árum keypt sjö jarðir á Íslandi að hluta eða alfarið.

Ögmundur segir að ef reglugerðin hefði gilt á síðustu árum hefði Lamprecht einungis getað keypt hér jarðir hefði hann hér lögheimili. Ella hefði hann þurft að sækja um undanþágu en taka má fram að fjölmörg dæmi eru um að undanþágur hafi verið veittar ríkisborgurum utan EES. „Meiningin er ekki sú að erlendir peningamenn geti safnað jörðum á Íslandi sem hverri annarri fjárfestingu,“ segir Ögmundur og bætir við: „Eignarhald á landi og eignarhald á auðlindum undir landinu fer saman og það segir sig sjálf að mikilvægt er að halda eignarhaldi á auðlindum innan vébanda samfélagsins.“

magnusl@frettabladid.is

### Brot á EES-samningnum?

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), segir SA hafa til skoðunar hvort nýja reglugerðin standist EES-samninginn. Í frétt á Vísi.is í gær sagðist Þorsteinn telja að svo væri. Í sömu frétt vísaði Ögmundur Jónasson þessum vangaveltum á bug og sagði nýju reglugerðina byggja á lögfræðilegri skýrslu sem prófessorarnir Stefán Már Stefáns-son og Jens Hartig Danielsen hefðu unnið fyrir innanríkisráðuneytið.

FRÍTT INN!

# STÓRSÝNINGIN



FÍFUNNI • 4.-5. MAÍ 2013

NÝIR BÍLAR • MÓTORHJÓL • HÚSBÍLAR • AUKAHLUTIR  
FERÐAVAGNAR • FJÓRHJÓL • MARGT FLEIRA

SÝNINGAR-  
TILBOÐ

VEITINGAR

HOPPU-  
KASTALAR

FRUM-  
SÝNINGAR

FJÁR-  
MÖGNUN

**SÝNINGARAÐILAR:**

Askja • BL • Bílabúð Benna • Suzuki umboðið • Hekla • Bernhard • Toyota • Ásbjörn Ólafsson • Arctic Trucks  
Seglagerðin Ægir • Víkurverk • Útilegumaðurinn • Bílanaust • Poulsen • Avis • AB varahlutir • Atlantsólía • Nanó  
lausnir • FiB • Iða • Borgarholtsskóli • Bílgreinasambandið • Arion bílafjármögnum • Ergo • Lykill • Landsbankinn.

**OPIÐ:**

LAUGARDAG: 11 - 18  
SUNNUDAG: 12 - 17

Vöxturinn er í hugverkum, nýsköpun og tækni:

# Huga verður að grunninum

Eftirtektarverður árangur frumkvöðlanna sem að sprotafyrirtækinu CLARA standa sýnir í hnotskurn um hvers konar verðmæti er að tefla í þessum í geira nýsköpunar og tækni. Frá því var greint í vikunni að fyrirtækið, sem ekki er nema fimm ára gamalt og með um fimmtán starfmenn, hafi verið selt til bandarísks hugbúnaðarfyrirtækis á rúman milljarð króna. CLARA fékk þar verðmæði sem slagar vel upp í markaðsvirði Nýherja í Kauphöllinni.

Um leið var upplýst að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefði tvöfaldað fjárfestingu sína í CLARA frá því fyrir einu ári þegar sjóðurinn keypti í fyrirtækinu átján prósentu hlut. Við söluuna nú hefur sjóðurinn væntanlega fengið til sín tæpar 190 milljónir króna, sem nýtast til áframhaldandi fjárfestingar í

sprotafyrirtækjum hér á landi.

Velgengi eins og þessi er ekki gripin úr loftinu. Grunnurinn að henni er meðal annars lagður í skólakerfinu, en hér á landi hafa samtök vinnumarkaðarins hins vegar um nokkurt skeið bent á að til starfa vanti vel menntað fólk á þeim sviðum

Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is



sem helst er horft til að geti örvað hagvöxt til framtíðar. Ljóst er að svokallaðar undirstöðuatvinnugreinar (jafnvel að ferðamennsku meðtalinni) nálgast efri mörk í framleiðni. Þar setja náttúra og umhverfi skorðurnar.

Góður árangur í að jafna hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja sýnir að með skýrri sýn og markvissum aðgerðum er hægt að koma á breytingum til batnaðar. Þar þrýsta ekki síst á ný lög um kynjahlutföll sem taka gildi í september.

Um leið er ljóst að ekki er hægt að kippa hverju sem er í liðinn með einfaldri lagasetningu. Mikilvægt er að beina fólk í réttan farveg í námi, þannig að nýtist samfélaginu sem best. Hagvöxtur framtíðar kemur úr hugverkageira, nýsköpun og tækni.

Rúmu hálfu ári eftir hrun, í maí 2009, voru kynntar niðurstöður erlendra sérfræðinganeftar sem í byrjun ársins var falið að koma fram með tillögur um framtíð menntunar, rannsókn og nýsköpunar hér á landi. Fyrir nefndinni fór Christoffer Taxell, kanslari við háskólann í Åbo í Finnlandi. Hann var ráðherra vísinda- og tæknimála í Finnlandi í bankahruninu í byrjun tíunda áratugarins.

Lögð var til svipuð leið og skilaði Finnum árangri eftir hrun með því að viðhalda fjárfestingu í menntun á öllum skólástigum og aukinni áherslu á nýsköpun. Þá var kallað eftir mannauðsstefnu í menntamálu þar sem áherslur yrðu mótaðar eftir þjóðarhag. Lögð var til fækkun háskóla úr sjö í tvo.

Lítið sem ekkert hefur verið gert með þessar tillögur og þá ekki heldur tillögur Vísinda- og tækniráðs frá því í fyrravor þar sem meðal annars var lögð til fækkun háskóla í fjóra.

Lengi hefur legið fyrir hvaða skref þurfi að stíga í uppstokkun og breyttum áherslum í íslensku menntakerfi og löngu tímabært að hefja þá vegferð. Það verkefni, með fleirum, bíður væntanlega nýs ráðherra menntamála. CLARA sýnir hvers getur verið að vænta.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## Vertu með í kvennaleikfimi

- Þrisvar í viku (4 vikur)  
Mán., mið. og fös. kl. 16:30  
Hefst 6. maí  
Þjálfari: Inga María  
Verð kr. 14.900.-
- Tvisvar í viku (4 vikur)  
Þri. og fim. kl. 10:00. Hefst 7. maí  
Þjálfari: Árnó Huldur  
Verð kr. 12.900.-





HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík  
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

Góð leikfimi fyrir allar konur sem vilja styrkja sig og liða betur.

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

## SPOTTIÐ



## AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

### Umtalsverð áhætta í fjármálakerfinu

Þessi jákvæða þróun gefur þó ekki tilefni til að slaka að sé á árvegni gagnvart þeirri umtalsverðu áhættu í fjármálakerfinu sem enn er til staðar.

Þetta er ekki tilvitnun í aðvörunarorð frá því fyrir hrun heldur blákal mat seðlabankastjóra á skýrslu bankans um fjármálastöðugleika sem birt var í vikunni. Þessi sterka og tvímælalause áminning kemur í kjölfar kosningabaráttu þar sem allir flokkar, í afar misríkum mæli þó, slökuðu á árvekninni.

Kosningabaráttan var öll út í hött. Tími loforðanna er einfaldlega ekki runninn upp. Þó að sumar



hagstærðir hafi færst til betri vegar er ekki með neinum rökum unnt að vefengja mat seðlabankastjórans. Þegar stjórnmalamenn gefa við slíkar

aðstæður mestu kosningaloforð allra tíma hljóta þeir að horfa á tilveruna frá skökku sjónarhorni.

Í því uppgjöri sem nú er hæfið innan Samfylkingarinnar er nýr formaður sakaður um að tala ekki eins og fólk vill heyrja. Trúlega er nokkuð til í þessu ámæli. En það

lýsir vel þeirri miklu kreppu sem íslensk stjórnmal eru í um þessar mundir. Á tímum þrenginga á krafan þvert á móti að vera sú að stjórnmalaleiðtogar tali um það sem fólk-ið þarf að heyrja. Þeir eru kosnir til að veita þá forystu.

Hrunið varð af því að slakað var á árvekninni fjórum árum fyrr. Enginn sagði það sem fólk-ið þurfti þá að heyrja: Að undirstaða lífskjanna var froða. Og það fer aftur illa ef enginn sammælist seðlabankastjóranum nú í að segja það sem allir þurfa að heyrja: Að sérhverja ákvörðun verði að taka í ljósi þeirrar staðreyndar að umtalsverð áhætta er í fjármálakerfinu.

### Hætta á ágreiningi við Seðlabankann

Í stöðugleikaskýrslu Seðlabankans kemur skýrt fram að þjóðin á ekki gjaldeyri fyrir afborgunum erlendra lána á næstu árum. Viðskiptaafgangurinn hrekkur ekki til. Bankinn telur að sá vandi geti meira að segja farið vaxandi.

Ordrétt segir í skýrslunni um erlendu lánin: „Án lengingar eða umtalsverðrar endurfjármögnunar er ljóst að ekkert svigrúm er til þess að nýta viðskiptaafgang í því skyni að hleypa út krónueignum erlendra aðila á næstu árum.“

Þessi ummæli verða varla skilin á annan veg en að í tengslum

við samninga við kröfuhafa föllnu bankanna verði fyrst að ná niðurstöðu um framlengingu á erlendum lánunum. Formaður Framsóknarflokksins sem nú vinnur að stjórnarmyndun hefur hins vegar sett það sem skilyrði að fyrst verði ákveðin endurgreiðsla á innlendum skuldum heimilanna.

Verði ný ríkisstjórn mynduð á þessum forsendum gæti komið upp alvarlegur ágreiningur milli hennar og Seðlabankans. Bankanum er að lögum skylt að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar nema það gangi gegn markmiðinu

um stöðugleika. Fari stefna nýrrar ríkisstjórnar þvert á það er bankanum óheimilt að framkvæma hana.

Gerlegt ætti að vera að hindra greiðsluþrot þjóðarbúsins ef forgangsroðun Seðlabankans nær fram að ganga. Á hinn bóginn verða þeir sem mynda ríkisstjórn á grundvelli skilyrða Framsóknarflokksins og hyggjast setja þau í forgang að útskýra hvernig sneiða má hjá ágreiningi við Seðlabankann og koma í veg fyrir gjaldeyrisþurrð og greiðsluþrot.

### Verður Ísland á ný að vogunarsjóði?

Í skýrslu Seðlabankans er sagt fullum fetum að búast megi við að auknar kröfur verði gerðar til banka um eigið fé til að tryggja stöðugleika. Í framhaldi af því segir: „Eiginjárstaða íslensku bankanna gefur því minna svigrúm til aðgreiðslu en ætla mætti við fyrstu sýn.“

Ný ríkisstjórn verður að svara hvort eigi að setja í forgang: Kröfuna um aukid eigið fé bankanna til að verja almannahagsmuni eða óskirnar um að nota stöðuna til að endurgreiða verðbólgu liðinna ára. Fjármálastöðugleiki þjóðarbúsins

er í húfi eins og fyrir fimm árum. Þá fór illa. Það þarf að semja við vogunarsjóði. En það er líka hægt að breyta Íslandi aftur í vogunarsjóð.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa gefið til kynna að þeir séu fúsir til að ræða bætt kjör á grundvelli bættrar samkeppnisstöðu. Ný ríkisstjórn getur ekki látið við það eitt sitja að tala fallega um þá hluti. Hún þarf að sýna aðgerðaáætlun.

Hugsanlega má nota varfærna langtímaáætlun um skattalækkunir í þessum tilgangi. En hitt

væri óðs manns æði að ákveða þær fyrir fram og utan við viðtæka heildarsamninga við aðila vinnumarkaðarins um bætt samkeppnisstöðu þjóðarbúsins.

Í launamálunum eru tveir kostir: Það er hægt að senda verðbólguþröð eða tilboð um alvör þríhliða viðræður um bætt samkeppnisstöðu. Seinni kosturinn krefst tafarlausa ákvarðana um gríðarlegt aðhald á öllum sviðum. Enn hefur enginn kynnt ábyrg áform í þeim efnum í samræmi við þá árveki sem Seðlabankinn kallar eftir.



# BAUHAUS®

Allt fyrir hús, heimili og garða



**TOPPLYKLASETT**  
1/2" og 1/4". Krómað. Í 63 hlutum. Inniheldur skrallykla, toppa og bita.

**AFMÆLISVERÐ**

**9.990,-**!



**HERKULES®**

**LOFTPRESSA**

Gerð 450/10/50. 3,0 HK. 2200 vött. 50 l. 10 bör. Loftflæði 356 l/ mín. 2 strokkar. Með olíu. Ýmsir fylgihlutir.

**AFMÆLISVERÐ**

**32.995,-**!

**AFMÆLISVERÐ**

**BAUHAUS®**

**VESPA GÓLFLÍSAM KOLAGRÁAR**  
Fæst í 30 x 60 cm. Glerjað postulín. Slitstyrkur 4. Dökkgráar. Verð á m<sup>2</sup>

**AFMÆLISVERÐ**

**2.495,-**!

**moland**  
FLJÓTANDI EIKAR-PARKET, MATT LAKK  
Þykkt 13,5 mm. 182 x 2190 mm. Verð á m<sup>2</sup>.

**AFMÆLISVERÐ**

**3.495,-**!

Auglýst verð gildir frá laugardeginum 4. maí til og með þriðjudeginum 7. maí 2013. Gildir á meðan birgðir endast.

## HÆGINDASTÓLAR



**CLUB**  
HÆGINDASTÓLL  
**39.990**  
FULLT VERÐ: 49.990

Svart bonded leður. Einnig til í áklæði.



**TUB**  
HÆGINDASTÓLL  
**49.990**  
FULLT VERÐ: 59.990

Rautt slitsterkt áklæði. Einnig fáanlegur fjólublár eða svartur.



**KENIA**  
HÆGINDASTÓLL  
**49.990**  
FULLT VERÐ: 59.990

Svart bonded leður.



**GAGA**  
HÆGINDASTÓLL  
**169.990**  
FULLT VERÐ: 199.990

Með snúningi. Slitsterkt áklæði

# HÖLLIN – ALLTAF EITTHVAÐ

## FRÁBÆR HELGARTILBOÐ



AÐEINS  
**22.764**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

DC 4200  
2JA SÆTA SÓFI

**259.990**

FULLT VERÐ: 279.990

AÐEINS  
**27.940**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

DC 4200  
3JA SÆTA SÓFI

**319.990**

FULLT VERÐ: 349.990

AÐEINS  
**21.902**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

CHARLIETOWN  
3JA SÆTA SÓFI

**249.990**

FULLT VERÐ: 299.990



Stærð: 220x85 H: 75 cm. Litur brúnn. Bycast leður. Fæst einnig 2ja sæta.

AÐEINS  
**19.320**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

LUGO  
TUNGUSÓFI

**219.990**

FULLT VERÐ: 239.990



Fæst bæði hægri og vinstri.  
Stærð: 301x154 H: 82 cm. Slitsterkt grátt áklæði.

AÐEINS  
**18.452**  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

COSMO  
HORNSÓFI

**199.990**

FULLT VERÐ: 269.990



Stærð 278 x 250 x H: 86 cm.  
Svart Bonded leður á slitflötum.

# NÝTT OG SPENNANDI!

## OPIÐ ALLA HELGINA



Stærð: 3JA SÆTA 212X80 H: 80 cm.  
Stærð: 2JA SÆTA 152X80 H: 80 cm.  
Litur: Svart  
Leður á slitflötum.

AÐEINS  
12.414  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaus lán  
3,5% lántökugj.

### UMBRIA 2JA SÆTA SÓFI

# 139.990

FULLT VERÐ: 169.990



Stærð: 3JA 180x88 H76 cm cm. Litir: Rautt, svart, ljósgrátt, beige  
Umbria sófarnir eru til í ótal útfærslum. 2ja og 3ja sæta, hornsófar og með eða án tungu. Þeir fást bæði í áklæði og leðri.

AÐEINS  
11.553  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaus lán  
3,5% lántökugj.

### STORY 3JA SÆTA SÓFI

# 129.990

FULLT VERÐ: 159.990



Stærð: 207x75 H:81 cm. Slitsterkt ljóst áklæði. Fæst einnig 2ja sæta.

AÐEINS  
9.827  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaus lán  
3,5% lántökugj.

### ALICIA SVEFNSÓFI

# 109.990

FULLT VERÐ: 129.990



Stærð: 163x83  
H:78 cm.  
Dýnustærð  
147x197 cm.  
Litir: Rósótt,  
rautt, dökk-  
grátt, grænt,  
svart og ljós-  
grátt. Slitsterkt  
áklæði.

## NÝJAR VÖRUR FRÁ SÖDAHL



### SÆNGURFÖT



### DÚKAR

LÍF OG FJÖR Á [husgagnahollin.is](http://husgagnahollin.is)

og með vinum okkar á [facebook](https://www.facebook.com/husgagnahollin)

### BAÐVÖRUR



### OG PÚÐARNIR VINSÆLU



# HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

# Sjónvarps- og útvarps- sendingar frá Úlfarsfelli

Þann 1. maí birtist grein í Fréttablaðinu eftir Þórdísi Hauksdóttur, þar sem hún fjallaði um uppsetningu fjarskiptamannvirkja á Úlfarsfelli. Í greininni var uppsetningin og tengdar framkvæmdir gagnrýndar harkalega, en með þessum línnum vill Vodafone skýra tilurð framkvæmdanna og sögulegt samhengi þeirra.



**Hrannar Pétursson**  
framkvæmdastjóri  
samskiptasviðs  
Vodafone

**SKIPULAGSMÁL** gæði útvarps- og sjónvarpsþjónustu.

Í því samhengi hófst fyrir nokkrum árum kortlagning á mögulegum sendastöðum á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú, að Úlfarsfelli væri langheppilegasti staðurinn til útvarpsendinga. Þaðan gætu fjarskiptamerki borist víða, án þess þó að umrædd mannvirki væru nærri byggð. Sótt var um leyfi fyrir nauðsynlegum framkvæmdum og eftir að leyfi fékkst, um einu og hálfu ári síðar, var hafist handa við lagningu jarðstrengs og byggingu tækjáhúss. Þá voru settir upp tveir trestaurar fyrir loftnet útvarpsendinganna.

Rík áhersla var lögð á lágmarksrask á umhverfinu við framkvæmdirnar. Sannarlega sá þeirra merki á framkvæmdatímanum en nú, u.þ.b. ári síðar, eru ummerkin lítil sem engin. Farið var í einu og öllu eftir settum skilmálum en eftir að framkvæmdum lauk kom í ljós, að Reykjavíkurborg var óheimilt að veita byggingarleyfið sem síðar var afturkallað. Málinu var í framhaldinu vísað til kærnefndar Umhverfis og auðindamála, sem hefur það til úrvinnslu þegar þessi orð eru rituð.

## Úlfarsfelli geti áfram verið útivistarparadís

Uppbygging fjarskiptabjónustu

→ Það er okkar trú að eitt þurfi ekki að útiloka annað og með góðri samvinnu geti Úlfarsfelli í senn orðið varanlegur útsendingarstaður og útivistarparadís.

er mikilvæg samfélaginu öllu. Miklar kröfur eru gerðar til þjónustuaðila og til að verða við þeim er óhjákvæmilegt að setja upp fjarskiptabúnað af ýmsu tagi, oft á óbyggðum svæðum. Þannig hefur tekist að bæta þjónustu við almenning, auka öryggi ferðafólks og mæta vaxandi eftirspurn. Í öllum framkvæmdum leggjum við okkur fram um að umgangast náttúruna af virðingu og hlusta fordómalaust á skoðanir þeirra sem gagnrýna einstakar framkvæmdir á okkar vegum. Við teljum okkur ekki vera óvini náttúrunnar og trúum því einlægglega, að fjarskiptarekstur á Úlfarsfelli hafi hvorki áhrif á lífræna heild fjallsins né hindri borgarbúa í að sækja þangað til útivistar.

## Vinum saman

Starfsmenn Vodafone er reiðubúnir til að vinna með öllum sem hagsmuna eiga að gæta að viðunandi lausn á málinu. Það er okkar trú að eitt þurfi ekki að útiloka annað og með góðri samvinnu geti Úlfarsfelli í senn orðið varanlegur útsendingarstaður og útivistarparadís.

# Olía við Ísland

Undanfarið hefur mikil umræða verið um olíuleit á íslenska landgrunninu og hefur m.a. verið fjallað um skattlagningu á slíkri starfsemi. Olíuleitarfyrirtæki hafa gagnrýnt fyrirkomulag skattlagningar og gert kröfur um breytingar. Á sínum tíma var undirritaður fenginn til að vinna grunnathugun á því hvernig skattlagningu á olíuvinnslufyrirtækjum væri háttáð hjá öðrum ríkjum og var m.a. í því litid til Kanada en þar eru aðstæður svipaðar og við Íslandsstrendur. Einnig eru vinnslu-aðferðir áþekkar þeim sem nota á hér á landi.



**Sævar Þór Jónsson**  
lögmaður

Enn er þó langt í land að vinnsla fari af stað af fullri alvöru og skulu menn ekki vanmeta þá miklu vinnu sem er fram undan í rannsóknum og tilraunaborunum.

Í upphafi sjöunda áratugar síðustu aldar var byrjað að leita að olíu á hafsvæðinu í kringum Nýfundnaland og Labrador. Boraðar voru 132 tilraunaholur áður en vinnanlega olía fannst en til samanburðar hafa verið boraðar 3.500 tilraunaholur í Norðursjó og hafa 200 gefið af sér vinnanlega olíu. Rannsóknir á hafsvæðinu í kringum Nýfundnaland og Labrador héldu áfram út sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar en það var ekki fyrir en í byrjun níunda áratugarins sem olíuvinnsla byrjaði af fullum krafti.

Ötroðnar slóðir


Kanadamenn ákváðu að fara ötroðnar slóðir í skattlagningu á þessu sviði og var yfirvöldum þar

í landi veitt sérstök lagaheimild til þess að gera sérsamninga við hvert olíuleitarfyrirtæki þar sem kveðið var á um hlutfall og fyrirkomulag álagningar. Með þessu var tekið mið af mismunandi aðstæðum hvers og eins, s.s. því hversu mikla olíu er hægt að vinna úr hverri auðlind og hversu miklum fjármunum talið er að viðkomandi fyrirtæki þurfi að eyða í fjárfestingar. Með þessu hafa Kanadamenn getað komið til móts við fyrirtækin og fengið sanngjarna hlutdeild í ágóðanum og um leið gert olíuvinnslu meira aðlagandi fyrir erlenda fjárfesta. Er ljóst að íslensk stjórnvöld líkt og þau kanadísku þurfa að taka meira tillit til krafna olíufyrirtækja um að skattlagning endurspegli líka kostnaðinn og áhættuna fyrir fyrirtækin sjálf. Það sem við getum lært af Kanadamönnum er að hægt er að fara fleiri en eina leið, þ.e.a.s. við getum sett upp sveigjanlegt kerfi sem tekur mið af mismunandi þáttum í stað þess að einblína á að velja einhvern einn farveg líkt og umræðan hefur látið stjórnast af hingað til.

Til samanburðar má nefna olíuvinnslu á svæði við Kanada sem kallast Hibernia-svæðið. Þar var gerður sérsamningur við olíuvinnslufyrirtæki um skattheimtu og voru fyrirtækjunum sett mörk með hversu miklu af rekstrarkostnaði þau fengju að gjaldfæra í rekstri sínum en ýmis afsláttur var svo gefinn með tilliti til aðstæðna. Mikilvægt er að við drögum lærdóm af því sem önnur ríki í sömu aðstæðum og Íslendingar hafa gert enda ljóst að þegar kemur að olíuleit og framleiðslu þá er um mjög tímafreka og kostnaðarsama grein að ræða en ávinningurinn getur að sama skapi verið mikill.

Landey býður til sölu eftirtalin lóðarréttindi:

## Austurbakki 2



Um er að ræða byggingarrétt að 15.500 m<sup>2</sup> skrifstofu- og atvinnuhúsnæði við Austurbakka 2, Reykjavík. Reiturrinn er merktur nr. 2 á meðfylgjandi deiliskipulagsuppdraetti. Spannandi tækifæri á lífandi svæði.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins Hátúni 2b í síma 594 4210 eða 660 4210, netfang: landey@landey.is





**BOSS**  
HUGO BOSS

SAND

strellson

**POLO**  
RALPH LAUREN

**ARMANI**  
COLLEZIONI

eterna

**VAN KOLLEEM**  
MADISON PARK • NY

gardeur®

**HUGO**  
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

**FINUCCI**  
collezione

bugatti


*Stenströms*

**BELLINI**  
collezione

**LLOYD**

Opið virka daga frá kl. 11 til 18  
laugardaga frá kl. 11 til 17  
sunnudaga frá 13 til 17  
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



**Herra**  
*Lagerinn*  
outlet  
*líka fyrir konur*

**Troðfull**  
verslun af  
merkjavöru!

**50-** afsláttur

**70%**

af öllum vörum

Barnafatnaður frá

**ENGLABÖRNIN**

Falleg fót á stelpur og stráka...



# HELGIN



**Atli Sigþórsson, tónlistarmaður og skáld**

## Grúsk og nóvella

Helgin mín byrjaði á norðvestur fyrir Nunna Super-cut Konn með sveimnum mínum. Laugardagurinn fer í grúsk í Nýal og svo dálítið rommsull fyrir svefninn. Á sunnudag ætla ég loks að vinna í nóvellunni minni, Hinni svörtu útsendingu.



**Hjalti Jón Sverrisson guðfræðinemi**

## Nærir andann

Lykilorð helgarinnar er próflestur. Þó mun ég læðast á hljómsveitaræfingu til þess að næra andann. Svo er aldrei að vita nema ég líti við á myndarlegasta heimili landsins; virði fyrir mér tómataplöntur og lífið sjálft.



**Hrunn Þórsdóttir, fréttamaður á Stöð 2**

## Hittir frændur að norðan

Ég á þriggja daga helgarfrí, sem er yndislegt. Helgin er óvenjulítið skipulögð en ég ætla þó að hitta frændur mína sem búa á Akureyri. Svo kíkji ég kannski á fatamarkaði og í ræktina.



**Ásdís Ólafsdóttir nemi**

## Gátlisti og hamburgarar

Markmið laugardagsins er að ráðast á hinn ógnvekjandi gátlista. Á sunnudaginn ætla ég svo að njóta þess að hafa klárað listann, belgja mig út í tveggja ára lúxusafmæli og fara í hamburgaraveislu um kvöldið.



**Fuglalíf**

## Fræðst um fugla í Grasa-garðinum

**Fræðsla** Fjölskrúðugt fuglalíf í Grasa-garðinum í Laugardal verður skoðað á göngu um garðinn á morgun. Um leiðsögn sér Hannes Þór Hafsteinsson garðyrkjufræðingur og fuglaáhugamaður og þess má geta að fræðslan ef við hæfi allrar fjölskyldunnar. Hún er haldið í samstarfi við Fuglaverndarfélag Íslands og hefst klukkan ellefu.



**Fjölskyldutónleikar**

## Kvikmynda-tónlist úr ýmsum áttum

**Tónlist** Lúðrasveit Reykjavíkur heldur fjölskyldutónleika í Kaldalónssal Hörpu á sunnudag. Á tónleikunum mun Lúðrasveit Reykjavíkur flýta kvikmynda-tónlist úr ýmsum áttum, til dæmis úr Mission Impossible, James Bond, Spider-Man, Mamma Mia, Hercules og Indiana Jones. Að þessu sinni sér Valur Freyr Einarsson leikari um kynningar á tónleikunum og um 50 manns halda uppi stuðinu, auk Vals Freys.

Stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur er Lárus Halldór Grímsson.



**Eyfirski safnadagurinn**

## Átján söfn sameina krafta sína í dag

**Sýningar** Hvorki fleiri né færri en 18 söfn og sýningar við Eyjafjörð opna dyr sínar fyrir gestum og gangandi í dag milli klukkan 13 og 17. Tilfnið er Eyfirski safnadagurinn sem nú er haldinn í sjöunda sinn. Dagurinn er að þessu sinni tileinkaður sögulegu fólki sem sett hefur svip á samfélagið. Söfnin opna auk þess samsýninguna „Komið-skoðið“ í menningarhúsinu Hofi á Akureyri í dag. Þar sýnir hvert safn forvitnilegan grip úr safnkosti sínum.

# Syngur á króatísku í Hörpunni í kvöld

Selma Björns fer síðsumars til Bergen og Boston að leikstýra Hróa hetti, ásamt Gísla Erni. Áður leikur hún í Fólkinu í blokkinni en í kvöld stígur hún á svið í Hörpu og segir sögu Evrovision með fleiri listamönnum.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**  
gun@frettabladid.is

Það er útbreiddur misskilningur að ég sé sérfræðingur í Eurovision,“ fullyrðir Selma Björnsdóttir söngkona. Kveðst þó alltaf horfa á aðalkeppnina en án þess að hafa kynnt sér lögin áður og myndað sér skoðun á þeim. „En í Eurovision-sýningunni stiklum við á stóru í sögu keppinnar sem hófst árið 1956. Það er heilmikil saga og hafsjór af lögum og það var auðvitað heilmikil vinna að leggja yfir þetta.“ Í sýningunni eru flutt 45 lög á níu tungumálum. „Við syngjum náttúrulega á íslensku og svo ensku, þýsku, frönsku, norsku, sænsku, króatísku, ítölsku og hebresku og það hefur verið mikil ögrun að leggja þetta allt á minnið,“ segir Selma. Sjálf tekur hún All out of luck sem hún komst með í 2. sætið 1999. Auk þess syngur hún á króatísku, norsku, frönsku og ítölsku. „Maður þykkir þetta upp og svo hringdi ég í Hönsu vinkonu mína sem er með BA-próf í frönsku og hún sagði mér hvað mætti fara betur.“

Selma segir Eurovision óneitanlega hafa haft áhrif á eigin feril, bæði góð og slæm? „Oft mætti halda að ég væri með Eurovisiontattú á enninu. Ég var í öðru sæti og hef fengið fullt af tækifærum út á það, ferðast mikið og sungið fyrir Eurovision-aðdáendur í Belgíu, Hollandi, Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi. En í leikhúsunum þykir það ekki bera merki um djúpa vísu að vera Eurovision-söngvari, þó ég telji áhorf á saklausan sjónvarpsþátt einu sinni á ári hafa lítið með vitsmuni fólks að gera.“

Selma kveðst tengja góðar

„Í leikhúsunum þykir það ekki bera merki um djúpa vísu að vera Eurovision-söngvari, þó ég telji áhorf á saklausan sjónvarpsþátt einu sinni á ári hafa lítið með vitsmuni fólks að gera.“

minningar við Eurovision, bæði úr þáttökunni og uppvestinum. „Á mínu heimili var alltaf gott að borða þetta kvöld, það var poppað og allir settust við sjónvarpið og áttu sín uppáhaldslög. Þetta er stemning sem allir aldurs hópar geta tekið þátt í og er holl fyrir þjóðarsálina.“

Eftir Hörpuæventýrið ætlar Selma með Sögu Eurovision austur á land og loka þannig hringnum. Eftir það leikstýrir hún talsetningu á teiknimyndinni Aulinn ég 2 með Pétri Jóhanni í aðalhlutverki. Einnig leikur hún í sjónvarps-seríunni Fólkið í blokkinni og fer í tókur í maí og júní. Í ágúst ætlar hún svo til Bergen að leikstýra Hróa hetti og eftir það til Boston með Gísla Erni Garðarssyni að setja upp sömu sýningu, svo ekki skortir verkefni. „Gísli Örn leikstýrði og ég var aðstoðarleikstjóri í þessu stykki í konunglega Shakespeare-leikhúsinu í Stratford 2011. Þetta er eilítið breytt útgáfa. Mjög flott leikrit með söngvum, loftfímleikum og kaðlavinnu og leikmyndin er 12 metra há rennibraut, skógur og tjörn.“

Spurð hvort hún þurfi að sveifla sér mikið svarar Selma: „Ekki nema ég þurfi að sýna leikurunum hvernig þeir eigi að gera en mest er ég á gólfinu.“



**SELMA** Oft mætti halda að ég væri með Eurovision-tattú á enninu,“ segir hún og segir keppnina hafa haft áhrif á feril sinn, bæði góð og slæm. FRETATABLADIÐ/VILHELM

## Þrjár sýningar Myndlistaskólans

Nemendur Myndlistaskólans í Reykjavík eiga verk á þremur sýningum sem opnaðar verða í dag. Verkin eru af margvíslegum toga, bæði listaverk og nytjamunir.

Þrjár sýningar á verkum nemenda sem eru í fullu námi í Myndlistaskólanum í Reykjavík verða opnaðar í dag. Sýning fyrsta árs nemenda í Sjónlustadeild verður opnuð í Gallerí Tukt klukkan 14, sýning á lokaverkefnum nemenda í Sjónlustadeild verður opnuð í húsnæði Myndlistaskólans í JL-húsinu klukkan 15 og sýning diplómadeilda verður opnuð í Þjóðmenningarhúsinu klukkan 16. ■ Í Þjóðmenningarhúsinu verða sýnd verkefni nemenda úr þremur diplómadeildum skólans; mótun, teikningu og textíl. Annars vegar

er um að ræða sýnishorn af vinnu nemenda sem lokið hafa fyrra ári af tveimur og hins vegar útskriftarverkefni nemenda. Lokaverkefni eru hugvitsamlega hönnuð ílát úr postulíni og viði sem ætluð eru undir fingramat og önnur veisluföng – jafnvel ferðaveislur. Alls eru 12 nemendur að útskrifast en 46 nemendur sýna verkefni. ■ Í JL-húsinu að Hringbraut 121 sýna 40 nemendur sem ýmist eru að ljúka eins árs undirbúningsnámi eða tveggja ára námi sem getur leitt til stúdentsprófs. Á sýningunni, sem

teygir sig upp í rjáfur JL-hússins og innst í myrkustu kompur, verða margs konar verkefni nemenda sem ýmist hafa lagt áherslu á myndlist, hönnun eða arkitektúr í lokaverkefnum sínum.

■ Í Gallerí Tukt opnar sýning á verkefnum fyrsta árs nema í Sjónlustadeild úr tveimur áföngum, verkstæði og margmiðlun. Gerðar hafa verið tilraunir með klassísk efni, eins og akrílmálningu og gifs, en einnig með nýrri og óhefðbundnari leiðir eins og „green screen“, sand og afsteypuefnið alginate.



**FJÖLBREYTT VERK** Á sýningunum eru verk nemenda úr öllum deildum skólans.

Ávaxtatré  
berjarunnar  
og garðrósir  
20% afsláttur  
um helgina

BLÁKORN OG  
TURBOKALK  
Á TILBOÐI!

NÝ OG BETRI VERKFÆRA- OG TÆKJAEILD!

FULLT AF  
SPENNANDI  
TILBOÐUM

ALLT FYRIR GARÐAHREINSUNINA

TÆKJALEIGA GARDHEIMA

OPIÐ VIRKA DAGA TIL KL. 18.00  
OG LAUGARDAGA TIL KL. 16.00

50% AFSLÁTTUR

AF LEIGUVERÐI Á KERRU VIÐ KAUP  
Á MOLD, TÚNÞÓKUM OG ÁBURBAREKKJUM



ÍS Á 100 KR LAUGARDAG



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# HELGAAR

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT



## HÁGÆÐA PHILIPS SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI

### Philips 32HFL7406D

- Örþunnt LED sjónvarp
- Ambilight bakljósing sem eykur upplifunina
- 2in1 standur, hægt að festa beint á vegg eða setja á borð
- 400Hz Perfect Motion Rate með HD Natural Motion gerir hröðustu myndir skýrar og skarpar
- Vel tengjum búið með 4 HDMI, USB, Scart, VGA, RCA og heyrnartólstengi ásamt kortarauf.



VERÐ

**129.995**

FRÁBÆRT VERÐ



## ÚRVAL AF VIFTUM 20% AFSLÁTTUR



## VORHREINGERNING ALLAR RYKSUGUR Á TILBOÐI

Nokkur verðdæmi:



### PHILIPS

**Philips FC6142**  
Handryksuga með 9w sogstyrk. 9 mín. notkun á fullri hleðslu. Wet & Dry System - ryksugar blautt og þurr. 1,4kg.

TILBOÐ

**7.995**

FULLT VERÐ 12.995



### PHILIPS

**Philips FC8450**  
Sogkraftur 300w. 1800w PowerLife ryksuga. Tekur 3L af ryki. 5m snúra. 2 fylgihlutir.

TILBOÐ

**12.995**

FULLT VERÐ 16.995



### Panasonic

**Panasonic MCCG522**  
Ryksuga með 370w sogkrafti. 1300w ECO mótör. Tekur 3L af ryki. Gúmmihjól. 7m snúra (10m drægni).

TILBOÐ

**16.995**

FULLT VERÐ 22.995



### MELISSA

**Melissa 640202**  
1800w ryksuga með 5 filtera kerfi. Stillanlegt málmrör. 3 aukahlutir.

TILBOÐ

**6.995**

FULLT VERÐ 9.995

# RTILBOÐ

LAU. 11-16 og SUN. 13-17



## HÁGÆÐA PHILIPS SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI

### Philips 42HFL7406D

- Örþunnt LED sjónvarp
- Ambilight baklýsing sem eykur upplifunina
- 2in1 standur, hægt að festa beint á vegg eða setja á borð
- 400Hz Perfect Motion Rate með HD Natural Motion gerir hröðustu myndir skýrar og skarpar
- Vel tengjum búið með 4 HDMI, USB, Scart, VGA, RCA og heymartólstengi ásamt kortarauf.



**VERÐ**  
**179.995**  
FRÁBÆRT VERÐ



**KHAPP** EXCEEDS EXPECTATIONS  
**30/3**  
DAYS MONEY BACK / YEARS EXTENDED WARRANTY

**KHAPP**

*Kynnum dönsk heimilistæki  
í hæsta gæðaflokki*

**30% KYNNINGARAFSLÁTTUR**



## **RIO SNYRTITÆKI** **25% KYNNINGARAFSLÁTTUR**

- Laser, IPL og vax háreyðingartæki
- UV tæki fyrir gervineglur
- Naglasnyrtisett



**Heimilistæki**

ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# SPJALDTÖLVUR FYRIR SUMARIÐ



## Lenco

### BARNATÖLVUR Í FLOTTUM LITUM

7" Lenco Cooltab spjaldtölvurnar komnar fyrir sumarið. Kemur í litríkri hlíf úr sílikoni í bláum eða bleikum lit sem ver spjaldtölvuna fyrir hnjaski og gefur betra grip. Sérstaklega hentug stærð fyrir börnin til að taka með hvert sem er. Android 4.0 og Google Play.

LENCO COOLTAB-70 BL

**19.990**


### 7" ASUS Á 39.990!

**ASUS**

ASU-ME172V1B077A  
Einstakt verð fyrir 7" hágæða spjaldtölvu með 10 punkta snertiskjá og nýjasta Android 4.1 Jelly Bean. 1024x600 upplausn og allt að 7 tíma rafhlöðuending. Aðeins 358 grömm.

**39.990**


### NEXTBOOK SUPERSLIM

**nextbook**

NEX-M7000NC  
Nýju SuperSlim spjaldtölvurnar frá Nextbook eru komnar til landsins á ótrúlegu verði. Nettar og flottar með öllu sem skiptir mestu máli.

7" SUPER SLIM

8" SUPER SLIM

**19.990**
**22.990**

Lítið útlitsgallaðar  
og yfirfarnar  
10" spjaldtölvur  
með Android 4.0  
á tilboði um helgina!

**TILBOÐSVERÐ**
**13.990**
**VERÐ ÁÐUR 19.990**


### A10 ÖRGJÖRVI

LENCO TAB-9702  
9,7" spjaldtölva með HDMI og USB tengi og 8GB minni sem er stækkanlegt í 32GB. 1024x768 og Android 4.0.

**39.990**
**Lenco**  
AUDIO-VIDEO

TÖLVU LISTINN

Heimilistekki

**0% VEXTIR**  
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

**6 VERSLANIR UM ALLT LAND**

# OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

LAUGARDAG 11 - 16  
SUNNUDAG 13 - 17

## ASUS

### SPJALDTÖLVA OG SNJALLSÍMI!

Fullkominn Fonepad snjallsími og 7" spjaldtölva með IPS skjá. Hagkvæmasta spjaldtölvan með 3G. Öflugur Intel Atom örgjörvi sem lengir rafhlöðuendingu í 9 tíma. Micro-SD rauf sem getur aukið flash minnið um 32GB.

TILBOÐSVERÐ

**59.990**



ASU-ME371MG1B048A

### ÖFLUG Í LEIK OG STARFI

## nexus 7

ASUS NEXUS7C-1B018A

Eins meðfærileg og spjaldtölvur gerast - 340 grömm. Hraðvirk með Tegra 3 Quad Core örgjörva og Tegra 3 skjá korti. Kristaltær IPS+ skjár. Nýjasta Android stýrikerfið - Jelly Bean. 32GB minni og allt að 10 tíma rafhlöðuending.



**54.990**  
69.990 MEÐ 3G

### FYRIR KRÖFUHARÐA

## ASUS

3G



ASUS TF300TG-1K073A

Öflug 10.1" fjögurra kjarna nVidia Tegra 3 spjaldtölva með 3G. Fullkomin 8MP myndavél og 178° IPS skjár. Hægt að fályklaborðsvöggju í sama lit sem eykur rafhlöðuendingu í allt að 14 tíma og bætir við SD kortalesara og USB tengi.

**109.990**



### FULLKOMNASTA MEÐ WINDOWS 8

## ASUS

ASUS TF600TG-1B011R

30.000 króna afsláttur um helgina. Allt það besta í einni spjaldtölvu með Windows RT og Office 2013 RT. Tegra 3 Quad Core örgjörvi eykur afköst og orkunýtni. 64GB minni sem er hægt að stækka um 32GB. Bjartur S-IPS skjár með 1366x768 upplausn.

**119.990**  
FULLT VERÐ 149.990

### SÍMI + 10" SPJALDTÖLVA

## ASUS

Einn fullkomnasti snjallsíminn á markaðnum sem hægt er að renna í 10" Padfone station og þá verður síminn að spjaldtölvu. Aðeins ein GSM áskrift fyrir símann og spjaldtölvuna sem sparar tugi þúsunda á ári í símagjöld. Öll forritin á einum stað. Til sýnis um helgina á Suðurlandsbraut.

## Padfone 2



10,1"

4,7"

**179.990**

REYKJAVÍK  
SUÐURLANDSBRAUT 26  
Sími 414 1700

AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

KEFLAVÍK  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

SELFOS  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750

## MÁLIÐ Í STÓRUM DRÁTTUM

**27. janúar 1974**  
Guðmundur Einarsson hverfur

**20. desember 1975**  
Erla fyrst yfirheyrð vegna hvarfs Guðmundar



**22. júní 2000**  
Endurupptöku-beiðni Erlu hafnað

**7. október 2011**  
Starfshópur um Guðmundar- og Geirfinnsmál skipaður af innanríkisráðherra



1974

1975

1977

1980

1997

1999

2000

2009

2011

2013

**19. nóvember 1974**  
Geirfinnur Einarsson hverfur



**19. desember 1977**  
Dæmt í málinu í sakadómi Reykjavíkur



**22. febrúar 1980**  
Dæmt í málinu í Hæstarétti



**15. júlí 1997**  
Fyrri endurupptöku-beiðni Sævars hafnað

**18. mars 1999**  
Seinni endurupptöku-beiðni Sævars hafnað

**1. maí 2009**  
Tryggvi Rúnar Leifsson lést

**12. júlí 2011**  
Sævar Marínó Ciesielski lést

**25. mars 2013**  
Skýrsla starfshópsins kynnt almenningi

# Lögreglumenn gerast skáld

Hvörf eru nýtt íslenskt leikverk sem frumsýnt verður í Kúlunni í köld. Leikstjóri verksins og einn höfunda er **Rúnar Guðbrandsson**, sem fékk hugmyndina eftir samskipti við Sævar Ciesielski fyrir níttján árum. Verkið hefur tekið miklum breytingum á meðgöngunni og nú beinist kastljósið í auknum mæli að rannsóknarmönnum og ásetningi þeirra.

Friðrika Benónýsdóttir

fridikab@frettabladid.is



**G**amla dómshúsið við Lindargötu hefur gengið í endurnýjun lífdaga. Það var á sínum mektardögum vettvangur stærsta dómsmorðs sem framið hefur verið í Íslandssögunni en nú er það æfingasvæði leikhópsins Lab-Loka sem endurgerir söguna af Guðmundar- og Geirfinnsmálinu á sinn hátt undir leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar, sem gengið hefur með söguna og útfærslu hennar í níttján ár. Málið hafði reyndar verið honum hugleikið alveg frá því að atburðirnir gerðust en það var ekki fyrr en hann kynntist Sævari Ciesielski, þá nýsloppnum úr fangelsi, að hann yrði að gera leikrit upp úr málsatvikum.

„Árið 1994 setti ég upp Og þeir settu handjárn á blómin eftir Arrabal hjá Leiksmiðju Reykjavíkur. Verkið er fangelsisdrama og á æfingatímanum rakst ég á Sævar og spurði hvort hann vildi koma og deila reynslu sinni af einangrunarvist með leikhópnum. Hann tók vel í það, mætti og fór á þvilíkt flug. Það var bara eins og hann væri sérfræðingur í Arrabal, hann var svo fljótur að setja sig inn í allt og sagði okkur frá svo mörgu sem hann hafði lent í. Þá kviknaði þessi hugmynd að leikverki. Ég tók upp nokkur myndbönd af Sævari og mótaði hugmyndina í grófum dráttum en svo fór þetta bara í pækil. Ég bjó í fimm ár í Bretlandi og var að vinna að allt öðrum hlutum, en þetta mál var alltaf aftast í höfðinu, enda hefur það náttúrulega fylgt manni alla tíð. Þessir krakkar sem voru sakborningar voru því sem næst jafnaldrar mínir og ég kannaðist við þau úr bænum. Maður upplifði þetta svo sterkt á sínum tíma þótt maður vissi þá ekkert hvað sneri upp eða niður í málinu. Ég bara gat ekki losnað við þetta úr hugarum.“

## Þúsundir blaðsíðna

Rúnar bjó erlendis á meðan dómsmálið sjálf stóð yfir og kynntist þar meðal annars Guðjóni Skarphéðinssyni, einum sakborninga. Þegar hann kom heim fór hann að vinna á Landsbókasafninu, lagðist í lestur á dómsskjölum og áhuginn blossaði upp aftur. Fyrir tveimur árum fór hann fyrir alvöru að vinna að gerð leikverksins Hvörf og í fyrrasumar lagði hann ásamt Stefáni Halli Stefánssyni leikara undir sig herbergi dómara í gamla dómshúsinu, sem nú er yfirfullt af gögnum um málið og veggirnir þaktir tímalínnum og útfærslum á málsatvikum og hinum ýmsu samsæriskeningum. „Við byrjuðum á því að lesa allar skýrslurnar og málskjölin, tuttugu og sex bækur, síðan kemur dómurinn upp á 627 blaðsíður og svo öll málskjölin úr endurupptökunni. Þetta eru þúsundir blaðsíðna.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRAMLEIÐA BÖRN OG LEIKSÝNINGAR

Birna og Rúnar kynntust árið 2005 og hafa síðan verið á fullu að framleiða börn og leiksýningar eins og hún orðar það. „Þetta hefur eiginlega haldist í hendur. Þegar við vorum að æfa Steinar úr Djúpinu var ég ólétt að stráknum okkar og alltaf ælandi og á æfingatímanum á Svikaranum var ég ólétt að tvíburunum og líka alltaf ælandi. Núna æli ég ekkert en það er samt mikið álag að vera bæði að framleiða sýninguna og leika í henni.“

Leiksýningarnar sem þau hafa unnið saman eru orðnar fjórar og börnin sömuleiðis, en fyrsta barn þeirra fæddist andvana. Leiksýningarnar munu verða fleiri en börnin ekki fullyrðir Birna. „Þetta er orðið ágætt. Auðvitað var það ekki á plani að eignast tvíburar en það var óvænt ánægja og sérstakt karma að fá tvö í einu, sérstaklega eftir þá erfiðu lífsreynslu að hafa misst frumburðinn. Þetta er búinn að vera ansi mikill rússíþani hjá okkur. En svona er nú lífið, það er yndislegt með öllum sínum blæbrigðum.“

Er ekki allt heimilislífið undirlagt af Hvörfum þessa dagana? „Jú, við erum

bara alltaf í vinnunni og með fjölskylduna inni á gaflum til að hugsa um börnin. En þetta lagast strax eftir frumsýningu, þá verður rólegra og við fáum meiri tíma til að sinna þeim.“

Pú ert svo ung að þú manst væntanlega ekkert eftir Guðmundar- og Geirfinnsmálinu? „Jú, ég man alveg eftir því. Þetta var svo stórt mál og litaði allt þjóðfélagið að þó að ég hafi verið krakki þá heyrði ég mikið af þessu máli. Ég var hálfsmeyk við að takast á við þessa sýningu, eiginlega bara hrædd, en Rúnar var búinn að ganga með þessa hugmynd svo lengi og við búin að kosta svo miklu til að það varð ekkert aftur snúið. Eftir að við fórum að æfa hvarf hræðslan líka og verkið fór að lifa sínu eigin lífi óháð raunveruleikanum.“

Hvað tekur svo við eftir að sýningum lýkur? „Þá gefum við okkur góðan tíma til að knúsa börnin okkar og sinna öllu því sem setið hefur á hakanum á æfingatímabilinu. Síðan fórum við bara á fullt að vinna næstu sýningu, Stóru börnin eftir Lilju Sigurðardóttur, sem fer á fjálarir næsta haust.“





ECLIPS BORD 178 X 110 CM  
**129.900**

CLICK STÓLL  
**24.900**

LANTERNE KERTALUGT  
H 49 CM  
**14.995**

# Gleðilegt sumar



SUMMER  
Garðbekkur. Ál/trefjaplast. L 160 cm  
37.900,-



SUMMER  
Eldstæði. Ø 75 cm 16.900,-



SUMMER  
Ísfata m/skeið  
2.495,-

SUMMER BISTRO  
STÓLL  
**4.900**



SUMMER  
Garðstóll Bistro. Grábrúnn  
eða svartur. Ál/trefjaplast  
4.900,-

HURRICANE  
Lugt. H 16 cm 4.995,-  
Lugt. H 23 cm 5.495,-



HURRICANE 16 CM  
**4.995**



CLICK  
Ruggustóll, svartur með bambus  
armhvílum 49.900,- Einnig til hvítur.



ZIGZAG  
Púði, grár/natur. 50 x 50 cm 3.995,-  
Ábreiða, grá/natur. 130 x 170 cm 11.995,-

SUMMER SÓHLÍF  
**19.900**



SUMMER  
Sóhlíf Shanghai. Ýmsir  
litir. Ø 300 cm 19.900,-  
Sóhlífarfótur seldur  
sér.



BASKET bastlarfa.  
26 x 26 x 21 cm 990,-  
33 x 33 x 23 cm 1.490,-  
41 x 41 x 31 cm 1.990,-



SUMMER  
Grill. Hvítt eða svart.  
Ø 28 cm 3.995,-



## Laxabeygla

Reyktur lax, egg, graflaxsósa  
og salatblanda

Verð 895,-

nú **695,-**



**TILBOÐ**

► Nálgun Rúnars og Stefáns Halls er óvenjuleg að því leyti að það sem þeir reyndu fyrst og fremst að gera sér grein fyrir var hvað vakti fyrir rannsóknarmönnum málsins. „Þegar við fórum að vinna þessa systematísku rannsóknarvinnu breyttust allar mínar hugmyndir um þetta verk. Ég hafði hugsað mér eitthvert fangelsisdrama, sálfræðilegar afleiðingar einangrunar og svona en við lesturinn fór ég að fá miklu meiri áhuga á rannsóknaraðilunum. Hver var þeirra ásetningur og hvað knúði þá áfram? Og hvernig gat þetta eiginlega gerst? Dómurinn er alfarið byggður á játningum sem margoft voru dregnar til baka og breyttust endalaust. Það liggur ekki einu sinni fyrir að morð hafi verið framtín. Það eru engin lífsýni, engin tengsl, engin mótív, þetta er allt eins og samsærisspott í bíómynd. Eða mörgum bíómyndum, réttara sagt, það eru svo margar útgáfur af því sem á að hafa gerst. Okkar tók á þessu máli má eiginlega súmmara upp í spurningunni: Hvað gerist þegar lögreglumenn ætla að gerast skáld?“

#### Hefðu getað verið Jón og Gunna

Rúnar segist ekki vera að fella neinn dóm um sekt eða sakleysi í verkinu, en það sé þó augljóst að málsatvik geti alls ekki hafa verið þau sem greint er frá í dómnunum. „Þetta er enn óleyt gáta, eitt stærsta sakamál Íslandssögunnar sem í voru felldir þingstu dómur á lýðveldistímanum. Það er það sem gerir þetta svo spennandi að kafa í.“

Ein leikkonan er dóttir eins hinna grunuðu í málinu, er það ekkert skríttin staða? „Alls ekki. Það sýnir bara hvað þetta mál snerti marga í þjóðfélaginu, það var alls konar fólk sem dróst inn í þetta. En það er rétt að undirstrika það að þetta verk er skáldskapur. Allir karlkyns sakborningarnir heita Jón og stúlkan heitir Guðrún til að draga fram þá staðreynd að það hefðu hvaða Jón og Gunna í samfélaginu getað lent í þessu. Við erum ekkert að reyna að elta veruleikann beint, enda er hann mjög loðinn í þessu máli, en þó er nánast allt sem fólk tekur sér í munn tekið beint upp úr skýrslum og staðreyndum er haldið til haga. Engu að síður er þetta leikhús sem lýtur sínum eigin lögmálum og þetta eru allt leikpersónur.“

#### Að deyta úr sviðsskrekki

Rúnar ber öll einkenni heltekinn manns, hann er nánast óstöðvandi í útskýringum og bollaleggjum um þennan tíma, þetta mál og tíðarandann. Enda kemur í ljós að fyrsta sagan sem hann skrifaði um málið er jafngömul því. „Ég var í menntaskóla þegar þetta gerðist og í einum íslenskutímanum fengum við það verkefni að skrifa ritgerð sem hét Mannshvarf í Keflavík. Ég gekk þá með skáld í maganum og skrifaði ægilega smarta smásögu sem gekk út á það að maðurinn hefði bara forðað sér af skerinu og sæti í vel-

lystingum einhvers staðar í Suður-Ameríku.“

Gekkst með skáld í maganum þá? Er það horfið? „Það varð nú bara einhvers konar leikskáld á endanum. Leiklistin varð ofan á og strax eftir menntaskóla kom ég mér til Kaupmannahafnar og fór fljótlega að starfa með framsæknum leikhópum þeirra ára þar. Ætlaði reyndar fyrst að verða leikari en komst svo að því að þótt mér fyndist æfingafærlið og líkamlega þjálfunin skemmtileg þá fékk ég ekkert út úr því að standa á sviði. Er of mikill perfeksjónisti og var alltaf að rífa mig niður, fannst ég ómögulegur og var að deyja úr sviðsskrekki. Þannig að smátt og smátt þróaðist ég yfir í leikstjórn og kennslu sem ég hef unnið við meira og minna allar götur síðan. Ég vann auðvitað eitthvað annað meðfram leiklistinni lengi framan af, fór á sjóinn á meðan ég nenni því, kenndi í grunn- og framhaldsskólum og fleira en tengslin við leikhúsið rofnuðu aldrei, það var alltaf númer eitt.“

Eftir að hafa verið það sem hann sjálfur kallar „farandleikstjóri“ árum saman tók Rúnar sig upp árið sem hann varð fertugur og hélt til Englands í mastersnám í leikstjórn og leiklistarfræðum. „Ætlaði fyrst bara að taka masterinn en hélt svo áfram og tók M.Phil./Ph.D. – eins og Sigmundur Davíð fór í – sem er svona lengri leiðin að doktorsnáminu. Nokkrum árum áður en ég fór hafði ég ásamt öðrum stofnað leikhópinn Lab-Loka sem átti eiginlega aðallega að vera nokkurs konar endurmenntunarskóli fyrir leikara með áherslu á líkamlegu tjáninguna, en við vorum svo beðin að setja upp sýningar hér og þar og þetta vatt smám saman upp á sig. Lab-Loki lifði áfram góðu lífi þessi fimm ár sem ég var í Englandi og við settum upp ýmsar sýningar þar, oftast í samvinnu við háskólaleikhópa.“

#### Aftur á þrítugsaldurinn

Ástæðan fyrir því að Rúnar sneri heim frá Englandi var að honum var boðin staða við nýstofnaða leiklistardeild LHÍ og varð í kjölfarið fyrsti prófessorinn í leiktúlkun við nýstofnaða leiklistardeild LHÍ. Því starfi gegndi hann í fimm ár en hefur síðan „verið að harka þetta frílans á gamals aldri“ eins og hann orðar það sjálfur.

Hann er reyndar eiginlega aftur kominn í stöðu manns á þrítugsaldri bæði í starfinu og einkalífnum því hann á líka þrjú börn undir þriggja ára aldri með sambýliskonu sinni, Birnu Hafstein leikkonu. „Já, það er svo hentugt að láta líða svona langt á milli barna, þá eru þau eldri komin á barnapítaldur,“ segir hann glottandi. „Reyndar eru börnin mín sex í allt, sú elsta tuttugu og níu ára og þær yngstu tvíburar á öðru ári. Þar á milli eru tuttugu og einn árs dóttir, níttján ára sonur og þriggja ára sonur. En ég á engin barnabörn enn þá.“

Fjölskyldan býr í Sundunum, á



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

æskuheimili Rúnars sem faðir hans byggði og foreldrar hans fluttu inn í nokkrum mánuðum áður en hann fæddist. Birna hefur tekið þátt í öllum sýningum Lab-Loka síðan þau Rúnar kynntust og hann segir verkaskiptinguna sem þau hafa komið sér upp henta sér mjög vel. „Við reukum þetta saman. Hún er meiri framkvæmdastjóri en ég og fjármálakona, sem er ákaflega hentugt. Við erum allveg ágætis teymi.“

#### AÐSTANDENDUR HVARFA

- Höfundar:** Rúnar Guðbrandsson, Sjón, Stefán Hallur Stefánsson og leikhópurinn.  
**Rúnar Guðbrandsson.**  
**Leikstjórn:** Rúnar Guðbrandsson.  
**Leikmynd og búningar:** Eva Signý Berger.  
**Tónlist og hljóðhönnun:** Guðni Franzson.  
**Leikarar:** Arnar Jónsson, Árni Pétur Guðjónsson, Birna Hafstein, Friðrik Friðriksson, Stefán Hallur Stefánsson, Magnús Jónsson, Hilmiir Jensson, Svandís Dóra Einarsdóttir, Þorsteinn Backman.

Hvörf er samstarfsverkefni Lab Loka og Þjóðleikhússins



**ÓPIÐ Í DAG FRÁ 11-16**

**ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR**

STÆRSTU MERKIN

**4BLS BÆKLINGUR**

STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

**SUMAR TILBOÐ**

STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

0% VEXTIR

SPJALDTÖLVU TILBOÐ

9.990

ASLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF TÖLVUM OG TÖLVUBHÁÐ

**TÖLVUTEK**

SMELTÓ A KÖRFUNA

# RISA

## LAGERSALA A4

ALLA HELGINA Á KÖLLUNARKLETTTSVEGI 10

**YFIR 6000 VÖRUTEGUNDIR - VERÐ FRÁ 49 kr. - 4.999 kr.**



STÍLABÆKUR OG MÖPPUR  
FRÁ 49 kr.



SKÓLATÖSKUR  
FRÁ 499 TIL 1.999 kr.

Gjafapokar  
og pappír  
99 kr

Gjafakort  
49 kr



SPIÐ OG PÚSL  
FRÁ 99 kr.



FÖNDURVÖRUR  
FRÁ 49 kr.

Hoppu  
kastali

Ís



LAZY  
TOWN

Laugardagur - Opið 11-17

13-15 Grillaðar pylsur og svali

14.00 Solla stirða og ípróttaálfurinn

Sunnudagur - Opið 13-17

14-15.30 Grillaðar pylsur og svali

14.30 Solla stirða og ípróttaálfurinn

www.a4.is / sími 580 0000 / sala@a4.is

A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi

A4

TVÍSKIPTUR BRENNARI

NEISTAKVEIKJARI



Vnr. 50632141  
Gasgrill án  
prýstíjfnara.  
**13.990** kr.

21 GÍR

26"

**ORIENT**  
BIKES



Vnr. 49620055  
LUXUS reiðhjól.



**36.990** kr.  
KLÚBB verð  
Almennt verð 45.990 kr.

VERÐVERND BYKO

**LÆGRA  
VERÐ**



Vnr. 50632105  
MR GRILL ferðagasgrill,  
grillflötur 30x37 cm, efri grind,  
hitadreifiplata, 2,6 kW.

**9.990** kr.



Vnr. 50630082  
Excel 200 gasgrill, tvö-  
faldur álbrennari 6,2 kW.  
Eldunarsvæði 49,5x35 cm  
og neistakveikikerfi.

**45.990** kr.

MEÐ BRETTUM, KÖRFU OG BÖGGLABERA

6 GÍRA

26"



Vnr. 49620201  
26" göturreiðhjól kvenna.

**29.990** kr.

RAUTT OG SVART EÐA BLÁTT OG SVART

21 GÍR

24"



Vnr. 49620053-4  
EXCEL reiðhjól.

**38.990** kr.



Vnr. 50630080  
Cook Dome  
kolagrill, 57 cm.

**49.990** kr.

STERLING 6



Vnr. 50657149  
STERLING CAPINET  
gasgrill, 3 brennarar  
og bakbrennari,  
niðurfellanleg  
hliðarborð með  
hellu, hitamælir,  
prýstíjfnari og  
skápur. Ryðfrítt/ál.  
15,8kW. Eldunarsvæði  
60x38 cm.

**119.990** kr.

MEÐ HJÁLPARDEKKJUM

16"



Vnr. 49620051  
TIGER barnareiðhjól.

**25.990** kr.

20"



Vnr. 49620052  
TIGER barnareiðhjól.

**29.990** kr.



Vnr. 50630084  
Outback gasgrill með  
tvöföldum álbrennara.  
2 postulínshúðaðar  
grillgrindur og efri  
hitunargrind. 9,0 kW.

**39.990** kr.  
KLÚBB verð  
Almennt verð 49.990 kr.

STERLING 6



Vnr. 50657143  
STERLING GASGRILL  
1714, H-brennarakerfi  
10 kW. Eldunarsvæði  
55x38 cm.

**44.990** kr.  
KLÚBB verð  
Almennt verð 55.990 kr.

MEÐ HJÁLPARDEKKJUM

12"



Vnr. 49620050  
TIGER barnareiðhjól.

**24.990** kr.

MEÐ HJÁLPARDEKKJUM

12"



Vnr. 49602021  
THUNDER barnareiðhjól.

**19.990** kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvilla og/eða myndabreytingu. Altar véur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á [www.byko.is](http://www.byko.is).



Vnr. 86363041-540  
KJÖRVARI pallaolía, glær, græn,  
hnota, fura, rauðfura eða  
rauðviður, 4 l.

**4.695** kr.



## ÓDÝRT PALLAEFNI

Fura, alheflað pallaefni,  
gagnvarið, ECO-GR.

Vnr. 0058224  
22x95 mm **165** kr./lm

Vnr. 0058274  
27x95 mm **185** kr./lm

Fura, alheflað pallaefni, AB-gagnvarið.

Vnr. 0058254  
22x95 mm **185** kr./lm

Vnr. 0058324  
27x95 mm **205** kr./lm

Vnr. 0058325  
27x120 mm **210** kr./lm



Nýtt BYKO blað  
komið út!  
Verslaðu beint úr  
blaðinu á [byko.is](http://byko.is)

# GLEÐILEGT SUMAR

## BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

HAGA Plant jord

**2 FYRIR 1**

Vnr. 55097032  
Gróðurmold, 50 l.  
**1.290** kr.

**Einhell**

Vnr. 74830055  
EINHELL BG-SR 12  
dreifari.  
**2.990** kr.

STYRKINGAR OG FESTINGAR FYLGJA

Vnr. 0291820  
Barnahús,  
2,56 m², 19 mm.  
**99.900** kr.

**3K** KLÚBB verð  
**9.990** kr.  
Almennt verð 16.990 kr.

Vnr. 54905038  
KÄRCHER slönguvagn með  
20 m slöngu og tengi.

Vnr. 55095013  
CASORON  
illgresiseyðir,  
1 kg.

**3K** KLÚBB verð  
**2.990** kr.  
Almennt verð 3.990 kr.

Vnr. 55095104  
Bláskorn, 25 kg.

**3K** KLÚBB verð  
**4.990** kr.  
Almennt verð 6.990 kr.

## SUMARLEIKUR BYKO KLÚBBBSINS 2013

**3K** BYKO KLÚBBURINN

### TAKTU ÞÁTT!

SKRÁÐU ÞIG Í KLÚBBINN OG FREISTAÐU GÆFUNNAR!

Dæmi um vinninga:  
Gasgrill, sláttuvélar, garðhúsgögn,  
viðarvörn, borvélar, grillveislur frá  
Nóatúni, reiðhjól, matarstell,  
blómapottar og fleira og fleira ...

**DREGIÐ VIKULEGA  
GLÆSILEGIR VINNINGAR**

Nánar um sumarleikinn á [www.byko.is](http://www.byko.is)

## BJÖRT FORTÍÐ



Í **STUÐI** Tveggja ára Björt með foreldrum sínum og bróður í húsi þeirra á Njálsgötunni.



Í **STÓRT HEIMILI** Allir að borða morgunmat í hestaferð en mikið var um að vera á stóru heimili á Torfastöðum.



Á **SKÍÐUM** Björt er bæði í skíða- og hestamennskunni.



Í **FJÖLSKYLDAN** Björt ásamt unnusta sínum, Birgi Viðarssyni, og syni þeirra, Garpi.

# Með fiðrildi í maganum

**Björt Ólafsdóttir** er eitt af nýju andlitunum sem taka sæti á Alþingi. Þar mun hún sitja fyrir hönd Bjartrar framtíðar en Björt er sveitastúlka sem ólst upp á meðferðarheimili þar sem áhuginn á sálfræði kviknaði en sú reynsla gæti nýst í nýju starfi.

Álfrún  
Pálsdóttir  
alfrun@frettabladid.is



**E**ftir langt atvinnuumsóknarferli hefur Björt Ólafsdóttir loksins fengið svar, hún mun taka sæti á Alþingi næsta haust ásamt fimm flokksystkinum sínum í hinum nýstofnaða flokki Bjartri framtíð.

Björt verður ein af 27 nýjum þingmönnum sem taka sæti á Alþingi og viðurkennir að hún sé með nokkur fiðrildi í maganum yfir væntanlegu starfi.

„Ég er svona að átta mig á þessu núna. Ég hlakka líka mikið til að takast á starfið og leggja mitt af mörkum. Ég verð samt örugglega smá stressuð fyrir mína fyrstu ræðu í pontu en það er eðlilegt,“ segir Björt hlæjandi er hún tekur á móti blaðamanni í fallettri risibúð í miðbæ Reykjavíkur. Þar býr Björt ásamt unnusta sínum, Birgi Viðarssyni, og þriggja ára syni þeirra, Garpi.

Árið 2013 er viðburðaríkt í lífi Bjartar. Hún fagnaði þrítugsafmæli sínu í byrjun árs, sagði upp vinnu sinni sem mannauðsráðgjafi hjá Capacent og ákvað að skella sér í framboð. Einnig fékk hún bónorð og er að skipuleggja veglegt sveitabruðkaup í sumar. Björt er nefnilega sveitastúlka sem ólst upp við heldur óvanalegar aðstæður.

## Ólst upp á meðferðarheimili

„Mér og bræðrum mínum hefur aldrei þótt þetta neitt sérstakt tiltökumál en flestum finnst mjög merkilegt þegar við segjumst hafa alist upp á meðferðarheimili,“ segir Björt og vísar þar í æskuheimilið, Torfastaði í Biskupstungum.

Foreldrar Bjartar ráku meðferðarheimili fyrir unglinga á aldrinum 12-17 ára samhliða því að reka búskap á bænum í 28 ár. Samtals voru þau yfirleitt 12 á heimilinu, fimm fjölskyldumeðlimir, en Björt á tvo bræður, sex unglingar og einn vinnumaður. Yfirleitt var um barnaverndarmál að ræða þar sem vímuefnamisnotkun kom stundum við sögu. Björt lærði snemma á mikilvægi góðra samskipta og kallaði þá unglinga sem dvöldu hjá þeim hverju sinni stjúpustkini sín. „Krakkarnir sem dvöldu hjá okkur voru aldrei minna en ár í senn, sum komu svo aftur til að vinna og búa hjá okkur. Auðvitað tengdist maður þeim mismikið en mörg þeirra eru í sambandi við okkur enn þann dag í dag. Hafa verið með okkur á jólnunum í seinni tíð og skírt börn sín í höfuðið á foreldrum mínum,“ segir Björt og bætir við að þau hafa yfirleitt tæklað öll vandamál sem komu upp á svona stóru heimili saman.

„Maður lærði aga og að maður þurfti að vinna fyrir hlutunum. Ég man ekkert sérstaklega eftir neinu einstöku sem kom upp en ég held að mamma og pabbi hafi sofið með annað augað opið í 28 ár. Við vorum hins vegar aldrei skert af ást og umhyggju þó að stundum reyndi á að deila athygli foreldra okkar með öðrum.“

## Ætlaði að hætta í menntaskóla

Björt gekk í grunnskóla Biskupstungna í Reykholti, í tíu manna bekk þar sem allir fengu að blómstra, en er hún lauk grunnskólagöngu fór hún að renna hýru auga til höfuðborgarsvæðisins. Hana langaði í Menntaskólann við Hamrahlíð þó að móðir hennar hafi frekar viljað hafa einkadótturina nær. Björt hafði vinninginn og flutti 16 ára gömul til Reykjavíkur.

„Mömmu var ekki alveg rótt að sleppa hendinni af einkadótturinni svo hún fékk konu sem hafði verið hjá okkur á Torfastöðum til að flytja inn með mér ásamt fjölskyldu sinni. Svo var ég oft lokkuð heim um



**GÓÐ SAMSKIPTI LYKILLINN** Björt Ólafsdóttir er viss um að bakgrunnur hennar úr sálfræði og mannauðsstjórnun eigi eftir að koma sér vel í nýja starfinu þar sem góð samskipti séu nauðsynleg til að ná árangri á Alþingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

helgar. Ég er svo mikill sælkeri að pabbi hringdi oft í mig á föstudögum og sagðist vera með lambalæri eða eitthvað annað gott í ofninum og þá var ég fljót að koma,“ rifjar Björt upp hlæjandi.

Það var krefjandi fyrst um sinn að koma úr sveitinni í jafn stóran skóla og MH. Hins vegar voru það týpunar og ekki síst hinn frægi Hamrahlíðarkór sem heilluðu Björt, sem var fljót að kynna fólk og koma sér inn í félagslífið.

„Ég hafði alltaf verið afburðanemandi en kannski hentaði fjölbrautakerfið mér ekki alveg nógu vel. Eftir annað árið þurfti ég að horfast í augu við raunveruleikann og spýta í lófana ef ég ætlaði að útskrifast á réttum tíma,“ segir Björt sem á þeim tíma var jafnvel að spá í hætta í skóla og halda út í heim. „Ég fékk þá flugu í hausinn að læra fatahönnun í Flórens 18 ára en þá settu foreldrar mínir mér stólinn fyrir dyrnar og sögðu mér að gjöra svo vel og klára skólann. Eftir það gæti ég gert það sem ég vildi. Þá lá hins vegar sálfræðin beinast við og ég sé ekki eftir því í dag. Ég hef samt enn þá mikinn áhuga á hönnun og tísku.“

## Þrífst á mannlegum samskiptum

Björt fór í sálfræði í Háskóla Íslands og vann á geðdeildum Landspítalans samhliða námi sínu. Hún segir áhugann á sálfræði líklega vera hægt að rekja til æsku sinnar þegar hún lærði að takast á við og eiga samskipti við mismunandi einstaklinga á heimili sínu. Í starfi sínu á geðdeildunum kynntist hún samtökunum Geðhjálp þar sem hún síðar gegndi formennsku á árunum 2011 til lok árs 2012.

„Geðhjálp var sjálfbodavinna sem ég sinnti samhliða vinnu minni sem ráðgjafi hjá Capacent og ég lærði heilan helling í því starfi. Ég var með gott fólk í kringum

mig sem studdi mig og kynntist líka nokkrum alþingismönnum sem ég þurfti að eiga í samskiptum við.“

Björt flutti ásamt unnusta sínum til Lundar í Svíþjóð þar sem hún náði sér í mastersgráðu í mannauðsstjórnun. Þau fluttu svo heim í miðju hrúni en Björt datt í lukkupottinn og fékk draumastöðuna hjá Capacent.

„Ég hef alltaf sóst eftir því að vera í ábyrgðarstöðu og viljað vera í eldínunni. Ég er mikil félagsvera og þrífst þegar ég er í mannlegum samskiptum við sem flesta en þar kemur sálfræðin sér vel. Að kunna að tækla mismunandi einstaklinga með misjafnar skoðanir og þarfir. Ég býst við því að það eigi eftir að koma sér vel inni á Alþingi líka.“

## Bjartari framtíð

Björt tók sér langan umhugsunarfrest um hvort hún ætti að hella sér út í pólitíkina þegar Heiða Kristín Helgadóttir, annar formaður Bjartar framtíðar, víðraði þessa hugmynd við hana í byrjun árs.

„Ég hef alltaf haft áhuga á stjórnmálum og fékk pólitískt uppeldi þar sem okkur var kennt gagnrýn hugsun. Ég hef samt aldrei verið virk í neinum flokki.“ Eins og flestir fylgdist Björt með velgengni Besta flokksins úr fjarlægð og fékk í kjölfarið góða tilfinningu fyrir stjórnmálum. „Þetta er ábyrgðarfullt hlutverk sem ég vildi ekki taka að mér í neinni fljótfærni. Því hugsaði ég þetta vel og lengi, auðvitað með mínum nánustu sem studdu mig áfram. Það kom mér því ekki á óvart að komast á þing enda var það markmiðið allan tímann og ég undir það búin.“

Ýmsar raddir hafa heyrst þess efnist að Björt hafi ekki verið nógu áberandi í kosningabaráttunni miðað við hversu hátt sæti hún skipaði á lista en Björt sat í fyrsta sæti í Reykjavíkurrkjördæmi norður.

„Ég var úti um allt á meðan á baráttunni

stóð, í viðtölum í sjónvarpi og útvarpi. Í oddvitabætti RÚV, sat pallborð hjá hinum ýmsu hagsmunaaðilum, fór á fjölmarga vinnustaði og stóð vaktina í verslunarmiðstöðvum. Björt framtíð er ólíkur öðrum flokkum því það eru tveir formenn. Það er eðlilegt að Gummi og Heiða hafi kannski virkað meira áberandi fyrir suma. Við höfðum takmarkað aðgengi að fjölmiðlum og vorum ekki með neina styrki frá ríkinu eins og margur til að koma okkur á framfæri. En mér þykir vænt um að heyra að fólk hafi viljað sjá meira af mér, sumir hringdu bara í mig og mæltu sér mót við mig.“

## Góð samskipti lykillinn

Björt framtíð hafa lýst því yfir að þau vilji breyta til á Alþingi og meðal annars breyta vinnuferlum, minnka átök og málþóf. Þau eru aðgengilegur flokkur sem vill þjónusta almenning með stjórnmálaþátttöku sinni.

„Alþingi er ekkert öðruvísi en aðrir vinnustaðir þar sem góð samskipti eru lykillinn að góðum árangri. Það skiptir máli að tala saman, setja sitt egó út fyrir rammann og hugsa um heildina. Hvað er besta leiðin hverju sinni,“ segir Björt sem setur spurningarmerki við flokkshollustu.

„Mér finnst það skrytinn þæling enda virðist sem fólk blindist á allar aðrar leiðir en sínar eigin. Stundum er það ekki besta leiðin og við erum ráðin í þetta starf til að einmitt finna bestu útfærslurnar hverju sinni. Það sem skiptir mestu máli er að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Ég set spurningarmerki við það að fylgja ákvörðunum sem ég hef ekki tekið þátt í og er kannski ekki sammála,“ segir Björt sem hlakkar til að hefjast handa.

„Nú ætla ég að vera skipulögð og sumarið verður nýtt í undirbúning fyrir þennan spennandi vetur sem er fram undan.“

# Helgar sprenghja af völdum vörum

Laugardaginn 4. maí. frá 10 til 17  
Sunnudaginn 5. maí. frá 13 til 17

# 30%-70% afsl.

Göngubuxur - Úlpur - Flís - Ull og margt fleira

**Takmarkað  
magn.  
Ekki missa  
af þessu**



**HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA**

**Faxafeni 8 • 108 Reykjavík**

sími 534 2727 • e-mail: [alparnir@alparnir.is](mailto:alparnir@alparnir.is) • [www.alparnir.is](http://www.alparnir.is)



## SPÁ FRÉTTABLAÐSINS 2013



# FH spáð Íslandsmeistararitlinum

Boltinn byrjar að rúlla í Pepsi-deild karla á morgun en opunarleikur Íslandsmótsins verður leikur ÍBV og ÍA í Vestmannaeyjum. Spekingar Fréttablaðsins spá því að FH verji Íslandsmeistararitill sinn frá því í fyrra en mörg sterk lið standa í veginum.

Magnús Þorlákur  
Lúðvíksson

magnus@frettabladid.is

- » Reynsla eða menntun innan heilbrigðisæskni

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2013.
- » Starfið veitist frá 1. júní 2013 eða eftir samkomulagi.
- » Upplýsingar veitir Hrönn Harðardóttir, hronhard@landspitali.is, sími 543 1726, gsm 825 3527.
- » Umsóknnum fylgi náms- og starfsferilskrá. Ákvörðun um ráðningu byggist á innsendum gögnum og viðtölum. Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut fyrir 18. maí 2013.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



## Nýrnalækningar Sérfræðilæknir

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í nýrnasjúkdómum. Starfið veitist frá 1. ágúst 2013 eða eftir samkomulagi. Stefnt er að því að um fullt starf verði að ræða en starfshlutfall getur þó verið samkomulagsatriði.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna á legudeildum, göngudeild nýrnalækninga og skilunardeild
- » Vinna við ráðgjöf nýrnalækninga
- » Þátttaka í vaktþjónustu nýrnalækninga
- » Þátttaka í viðfangsefnum sem tengjast alm. lyflækningum í samráði við yfirlækni nýrnalækninga
- » Þátttaka í kennslu og vísindastarfi

### Hæfnikröfur


- » Íslenskt sérfræðileifyi í alm. lyflækningum með nýrnalækningar sem undirsérgræin
- » Breið þekking og reynsla í nýrnalækningum, þ.á.m. á helstu skilunaraðferðum og meðferð sjúklinga með ígrætt nýra
- » Góðir samskiptahæfileikar

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2013.
- » Upplýsingar veitir Runólfur Pálsson, yfirlæknir, runolfur@landspitali.is, sími 824 5837.
- » Umsóknnum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Runólfi Pálssyni, yfirlækni nýrnalækninga, hús 13, 4. hæð Landspítala við Hringbraut.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfi byggir einnig á þeim.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



## Hjartagátt Hjúkrunardeildarstjóri

Starf hjúkrunardeildarstjóra á Hjartagátt er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. júní 2013, til 5 ára.

Á Hjartagátt er veitt bráðþjónusta við hjartasjúklinga og dag- og göngudeildarþjónusta fyrir sama sjúklingahóp. Deildin er opin frá kl 08:00 á mánudögum til kl 16:00 á föstudögum.

Hjúkrunardeildarstjórnin er yfirmaður hjúkrunar á deildinni, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lyflækningasviðs.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Ber ábyrgð á þróun hjúkrunar á deildinni og stuðlar að þekkingarþróun í hjúkrun með því að hvetja til rannsókna og nýta rannsóknamiðstöður
- » Ber ábyrgð á gæða- og öryggismálum deildarinnar
- » Ber ábyrgð á að rekstur og starfsmannamál deildarinnar séu í samræmi við fjárhagsáætlun

### Hæfnikröfur

- » Hjúkrunarfræðimenntun
- » A.m.k. 5 ára starfsreynsla
- » Framhaldsnám í hjúkrun æskilegt
- » Reynsla í starfsmannastjórnun
- » Leiðtoga- og samskiptahæfni

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2013.
- » Upplýsingar veita Vilhelmina Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri, vilhehar@landspitali.is, sími 543 6014 og Þórgunnur Hjaltadóttir, mannauðsráðgjafi, torghjal@landspitali.is, sími 825 5136.
- » Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, kennslu og vísindavinnu.
- » Umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
- » Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Vilhelminu Haraldsdóttur, framkvæmdastjóra lyflækningasviðs, LSH E-7, Fossvogi.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



## Kennari

Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða stærðfræðikennara fyrir skólaárið 2013-2014.

### Hæfnikröfur:

- Háskólapróf í stærðfræði (MS æskilegt).
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

### Við bjóðum:

- Góða vinnuáðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Ingi Ólafsson skólastjóri [ingi@verslo.is](mailto:ingi@verslo.is), eða í síma 5 900 600.

Umsóknarfrestur er til 13. maí og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá til Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík eða á netfangið [ingi@verslo.is](mailto:ingi@verslo.is).

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 1240 nemendur. Skólinn er bekkjarskóli en nemendur ljúka prófum í viðkomandi námsáfangum um júl og vor. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Einnig býður Verzlunarskólinn upp á fjarnám. Verzlunarskólinn er mjög tæknivæddur og er aðstaða til náms og kennslu öll hin besta.



HAFNARFJÖRÐUR

[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARDARBÆJAR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

## Fræðsluþjónusta Hafnarfjarðar Skólastjóri grunnskóla

Staða skólastjóra Öldutúnsskóla í  
Hafnarfirði er laus til umsóknar

Öldutúnsskóli er heildstæður grunnskóli þar sem 500 nemendur stunda nám.

Hornsteinar skólustarfsins eru **virðing, vellíðan og virkni**. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi.

Mikil áhersla er lögð á samvinnu, teymisvinnu, skapandi hugsun og starfsgleði. Í skólanum er unnið samkvæmt SMT-skólaferni, Olweusaráætluninni gegn einelti og skólinn er grænfánaskóli. Umsækjandi þarf að hafa leiðtoga-hæfileika og góða og viðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennarapróf, kennslu- og stjórnunarreynsla
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- eða kennslufræði
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sé reiðubúinn að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Reynsla og/eða þekking á SMT- skólaferni og Olweusaráætlunni æskileg

Umsókn skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna skólastjórastarfi.

Upplýsingar um starfið veitir Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar í síma 585 5800, netfang [magnusb@hafnarfjordur.is](mailto:magnusb@hafnarfjordur.is) og Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri Öldutúnsskóla í síma 555 1546, netfang [erla.gudjonsdottir@oldtunsskoli.is](mailto:erla.gudjonsdottir@oldtunsskoli.is)

Umsóknir berist Fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður fyrir 17. maí 2013.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2013 en æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf með fráfarandi skólastjóra í maí/júní vegna undirbúnings næsta skólaárs.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um stöðuna. Laun og kjör eru samkvæmt samningum KÍ og launanefndar sveitarfélaga.

Sviðsstjóri fræðsluþjónustu

# www.vinna.is





## Getur þú allt?

Artis - STÓRMYNDAPRENT - SKILTAGERÐ - FRAMLEIÐSLA OG UPPSETNING

**Artis Markaðslausnir óskar eftir að ráða til starfa handlaginn einstakling.**

### Helstu verkefni :

- Frágangur og uppsetning á stórmyndaprenti
- Álímingar á skiltum og uppsetning

### Hæfniskröfur:

- Reynsla úr sambærilegum iðnaði.
- Reynsla eða þekking á myndvinsluforritum er kostur.
- Stundvísi, vandvirkni, áráðanleiki
- Reykleysi er kostur

Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar á [arni@artis.is](mailto:arni@artis.is) fyrir 10.maí



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið

## Verkefnisstjóri í málefnum fatlaðs fólks á Þjónustumiðstöð Breiðholts

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn þjónusta, stuðningur og ráðgjöf við fatlað fólk, aðstandendur þeirra og samstarfsaðila.
- Sérfræðiráðgjöf á sviði einhverfu og þátttaka í þróunar- og samhæfingarvinnu í málaflokknum.
- Vinna í þverfaglegu starfi innan Þjónustumiðstöðvarinnar og með samstarfsstofnunum, s.s. leik- og grunnskólum, heilsugæslu o.fl.

### Hæfniskröfur

- Starfsréttindi sem þroskaþjálfari á Íslandi.
- Sérhæfing og reynsla af starfi með einhverfum æskileg.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Þekking og reynsla af starfi á sviði velferðarþjónustu æskileg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands. Starfshlutfall 100%.

**Umsóknarfrestur er til 19. maí 2013.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þóroddur Þórarinnsson, í síma 411-1300, 898-9675 eða með því að senda fyrirspurn á [thoroddur.thorarinsson@reykjavik.is](mailto:thoroddur.thorarinsson@reykjavik.is) og Þóra Kemp í síma 411-1300, 664-7751 eða með því að senda fyrirspurnir á [thora.kemp@reykjavik.is](mailto:thora.kemp@reykjavik.is)

Vinsamlega sækðu um starfið á [www.reykjavik.is/atvinna](http://www.reykjavik.is/atvinna)

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**



## Sérfræðingur í rekstraráhættu og hugbúnaðarsérfræðingur

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um störfin. Umsjón með úrvinnslu umsókna hefur Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum um störfin þurfa að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsókna og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2013. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

### Rekstraráhætta

Fjár- og áhættustýring Orkuveitu Reykjavíkur leitar að einstaklingi til að taka að sér nýtt starf sérfræðings með rekstraráhættu. Starfið er umfangsmikið og þarf viðkomandi að hafa heildaryfirsýn yfir rekstraráhættu fyrirtækisins ásamt því að sinna ráðgjöf og skýrslugjöf til stjórnar og stjórnenda.

### Meðal verkefna eru:

- Að hafa yfirsýn yfir heildaráhættu í rekstri
- Mat á rekstraráhættu fyrirtækisins
- Viðhald á gagnagrunni yfir töp
- Mat á tryggingaþörf fyrirtækisins
- Skýrslugjöf og ráðgjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verkfræði eða viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking af áhættustýringu er kostur
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð

### Hugbúnaðarsérfræðingur

Upplýsingatækni Orkuveitu Reykjavíkur leitar að hugbúnaðarsérfræðingi í verkefni sem tengjast kerfum fyrirtækisins. Um fjölbreytt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi sé skipulagður, viljugur til að læra og þróast í starfi og hafi til að bera góða samskiptahæfni.

### Meðal verkefna eru:

- Viðhald á núverandi upplýsingakerfum OR
- Þátttaka í greiningu og hönnun á nýjum kerfum
- Samvinna með ytri aðilum sem koma að hugbúnaðarsmiði
- Önnur verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af forritun í .Net, C#, CSS og JavaScript
- Reynsla af forritun í SharePoint og CRM er kostur
- Þekking á Microsoft SQL gagnagrunnum, SSIS og Reporting Services er kostur
- Þekking á viðskiptagreið er kostur



## Ungbarnaleikskólinn Bjarmi

Ungbarnaleikskólinn Bjarmi í Hafnarfirði vantar starfsmann til að sinna eldhúsi og afleysingu inn á deild.

Um er að ræða stöðu við móttökueldhús fyrri hluta dags og afleysingu inni á deild eftir hádegi. Viðkomandi þarf að búa yfir sjálfstæði og geta sýnt sveigjanleika í daglegu starfi.

Vinsamlegast sendið umsókn ásamt starfsferilsskrá á netfangið [bjarmi@bjargir.com](mailto:bjarmi@bjargir.com)

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu skólans [www.leikskolinn.is/bjarmi](http://www.leikskolinn.is/bjarmi)

Nánari upplýsingar veitir Svava Björg í síma 512-3330 og 695 3089



## Góður starfsmaður óskast Sumarstarf eða fullt starf

Lítil en öflug ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í hópferðum hvers konar, einkum frá Íslandi, en einnig móttöku hópa til Íslands óskar eftir **réttum starfsmanni í fjölbreytt starf við sölu, úrvinnslu og utanumhald.**

**Sumarstarf t.a.b.m., en getur orðið fullt starf.**

Reynsla í ferðabjónustu er mjög æskileg, en heiðarleiki, trúnaður, vinnusemi og frumkvæði eru skilyrði, auk góðrar íslensku og enskukunnáttu. Góð tölvukunnátta er nauðsynleg, m.a. Excel.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

**Áhugasamir sendi upplýsingar og ferilsskrá á [box@frett.is](mailto:box@frett.is) merkt „Ferðaskrifstofa“**



## STÁL-ORKA

SKIPAVIÐGERÐIR  
HVALEYRARBRAUT 37 220 HAFNARFJÖRDUR  
SÍMI 565-0399 GSM 892-7687

## Stálorka óskar eftir

að ráða menn til framtíðarstarfa vana smíði úr ryðfríu stáli og áli, aðalstarfsvið er smíði á búnaði í skip og báta. Hægt er að senda inn umsóknir á [stalorka@simnet.is](mailto:stalorka@simnet.is) eða hafa samband við Benedikt í síma 8927687 á virkum dögum milli 8 og 18

## STÖRF HJÁ GARDABÆ

Garðabær óskar eftir leik- og grunnskólakennurum til starfa

### Álftanesskóli

- Umsjónarkennarar á yngsta- og miðstigi
- Tungumálakennari
- Smíðakennari

### Flataskóli

- Umsjónarkennarar á yngsta stig

### Hæðarból

- Leikskólakennari

Nánari upplýsingar á vef

Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)



GARDABÆR  
[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)



## FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

### Hagfræðingur/viðskiptafræðingur

Fjármála- og efnahagsráðuneytið óskar eftir að ráða hagfræðing eða viðskiptafræðing til starfa á skrifstofu skattamála. Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um stöðuna.

**Helstu verkefni skrifstofu skattamála** varða tekjuöflun ríkissjóðs og mótun stefnu í þeim efnem í samráði við yfirstjórn og aðrar skrifstofur ráðuneytisins. Skrifstofa skattamála annast greiningu skatta og mat á skattbreytingum með hliðsjón af stefnumótun ríkisfjármála, og efnahagsmálum almennt. Skrifstofan hefur einnig umsjón með gerð tekjuáætlunar fjárlaga ár hvert, eftirfylgni með greiðslufæði og innheimtu einstakra tekjustofna og gerð langtímaáætlunar um þróun tekna.

**Þá annast skrifstofa skattamála** undirbúning og gerð lagafrumvarpa á sviði skatta og tolla, og hefur umsjón með skattalöggjöf almennt. Jafnframt gegnir skrifstofan stjórnsluhlutverki gagnvart skattfyrirvöldum, tollstjóra og innheimtumönnum ríkissjóðs. Á skrifstofunni starfa lögfræðingar, hagfræðingar og viðskiptafræðingar.

**Starfið** felur m.a. í sér virka þátttöku í teymisvinnu og vinnu í starfshópum innan og utan ráðuneytisins við greiningarvinnu, áætlanagerð og gagnavinnslu á tekjum ríkissjóðs, auk margvíslegra annarra verkefna sem falla undir verksvið skrifstofunnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur eru þessar helstar:**

- \* Háskólamenntun á sviði hagfræði eða viðskiptafræði.
- \* Reynsla af vinnu við SQL gagnagrunna er æskileg.
- \* Þekking á sviði haglíkanagerðar er kostur.
- \* Gott vald á íslensku og færni í að tjá sig í ræðu og riti.
- \* Góð kunnátta í ensku er nauðsynleg og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg.
- \* Reynsla á sviði skattamála er kostur.
- \* Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- \* Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur** er til og með 21. maí nk. Um er að ræða fullt starf og til framtíðar. Launakjör eru skv. kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Guðný Harðardóttir**, hjá STRÁ ehf. veitir frekari upplýsingar um störf. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is).

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

STRÁ

Suðurlandsbraut 30 - 108 Reykjavík

[www.stra.is](http://www.stra.is)

TRAUST FYRIRTÆKI • JÁKVÆÐUR STARFSANDI • SAMKEPPNISHÆF LAUN

## KREFJANDI OG LIFLEGT STARF

Við leitum að frábærum aðstoðarveitingastjóra til starfa hjá Eldsmiðjunni í 100% vaktavinnu. Unnið er 15 daga í mánuði. Þar er öflug liðsheild og frábær vinnuandi. Ef þú hefur gaman af fólki, ríka þjónustulund, ábyrgðartilfinningu og ert eldri en 26 ára, hikaðu þá ekki við að skella inn umsókn hjá okkur:

[atvinna@foodco.is](mailto:atvinna@foodco.is)  
<http://umsokn.foodco.is>





## Stuðningsfjölskyldur

Velferðarsvið Kópavogsbæjar óskar eftir stuðningsfjölskyldum fyrir börn og ungmenni eina til tvær helgar í mánuði eða eftir nánara samkomulagi.

Greitt er skv verkatakataxta.

Upplýsingar veitir Dagný Björk í síma 570 1500 á mánudögum og fimmtudögum eða í netfangi dagny@kopavogur.is

Velferðarsvið Kópavogsbæjar

## VÉLFANG – VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200  
www.velfang.is • velfang@velfang.is

### Starfskraftur á verkstæði óskast

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla. Helstu vörumerki eru JCB, CLAAS og Fendt. Vélfang var valið Fyrirtæki ársins af VR árin 2007 og 2008 og er Fyrirmyndarfyrirtæki VR. Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu og nú vantar einn í liðið.

Við óskum eftir að ráða starfsmann á verkstæði í fullt starf. Reynsla af vélavíðgerðum er æskileg og menntun augljós kostur. Mikilvægt er að viðkomandi sé jákvæður, með ríka þjónustulund og eigi gott með samskipti við viðskiptavinum.

**Allar upplýsingar veitir Guðmundur í síma 894 0617, en allar umsóknir skal senda á netfangið thjonusta@velfang.is**



## IMPERIAL Akureyri

### Leitum að góðum verslunarstjóra



#### Kröfur :

- 22 ára eða eldri
- Áhugi á fötum og tísku
- Frumkvæði og metnaður
- Þjónustulund og jákvæðni

#### Í boði fyrir réttan aðila :

- Fjölbreytt og skemmtilegt starf
- Góð laun og fríðindi

#### Umsóknir, með mynd, sendist á:

imperial@internet.is fyrir 18. maí.



## STARF SKÓLASTJÓRA GRUNNSKÓLA VESTMANNAEYJA

Vestmannaeyjabær auglýsir stöðu skólastjóra við Grunnskóla Vestmannaeyja lausa til umsóknar. Leitað er eftir leiðtoga með góða færni í mannlegum samskiptum, menntun og reynslu sem nýst getur til að leiða þróttmikið skólastarf og taka þátt í eflingu skólasamfélagsins í bæjarfélaginu.

Nánari upplýsingar veitir Jón Pétursson, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs í síma 488 2000 og á netfanginu [jonp@vestmannaeyjar.is](mailto:jonp@vestmannaeyjar.is). Umsóknarfrestur er til **22. maí** n.k. Umsóknir má senda rafrænt á fyrrgreint netfang eða skila í Ráðhúsið í Vestmannaeyjum v/Ráðhúströð, 900 Vestmannaeyjar í umslagi merktu: „**Umsókn um starf skólastjóra**“. Umsóknnum skal fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til kennslu, upplýsingar um frumkvæði á sviði fræðslumála, ábendingar um meðmælendur sem og almennar upplýsingar um viðkomandi.

**Grunnskólinn í Vestmannaeyjum** þjónar nemendum frá 1. – 10. bekk. Starfsstöðvar eru tvær, yngri deild með nemendum í 1. – 5. bekk og miðstig og unglingsdeild í annarri starfsstöð. Nemendur eru um 550. Starfsmenn eru metnaðarfullir og reynslumiklir og vinna eftir hugmyndafræðinni „Uppeldi til ábyrgðar“ og „Orð af orði“. Öflugt íþróttastarf er í Vestmannaeyjum og gott samstarf á milli íþróttahreyfingarinnar og grunnskólans. Einnig er lögð mikil áhersla á gott samstarf við forráðamenn nemenda.



[www.vestmannaeyjar.is](http://www.vestmannaeyjar.is)



## FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

### Lögfræðingur hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Fjármála- og efnahagsráðuneytið óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa á skrifstofu skattamála. Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

**Helstu verkefni** skrifstofu skattamála varða tekjuöflun ríkissjóðs og mótun stefnu í þeim efnum í samráði við yfirstjórn og aðrar skrifstofur ráðuneytisins. Skrifstofa skattamála annast undirbúning og gerð lagafrumvarpa á sviði skatta og tolla og hefur umsjón með skattalöggjöf almennt. Jafnframt gegnir skrifstofan stjórnsýsluhlutverki gagnvart skattfyrirvöldum, tollstjóra og innheimtumönnum ríkissjóðs.

**Þá annast skrifstofan** greiningu skatta og mat á skattbreytingum með hliðsjón af stefnumótun ríkisfjármála og efnahagsmálum almennt. Skrifstofa skattamála hefur einnig umsjón með gerð tekjuáætlunar fjárlaga ár hvert, eftirfylgni með greiðsluflæði og innheimtu einstakra tekjustofna og gerð langtímaáætlunar um þróun tekna. Á skrifstofunni starfa lögfræðingar, hagfræðingar og viðskiptafræðingar.

**Starfið** felur m.a. í sér virka þátttöku í teymisvinnu og vinnu í starfshópum innan og utan ráðuneytisins við undirbúning og gerð lagafrumvarpa, auk margvíslegra annarra verkefna sem falla undir verkswið skrifstofunnar.

#### Menntunar- og hæfniskröfur eru þessar helstar:

- \* Embættis- eða meistaraþróf í lögum.
- \* Þekking á opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- \* Gott vald á íslensku og færni í að tjá sig í ræðu og riti.
- \* Góð kunnátta í ensku er nauðsynleg og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg.
- \* Reynsla á sviði skattamála er kostur og sömuleiðis þekking á sviði hagfræði eða viðskiptafræði.
- \* Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- \* Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur** er til og með 21. maí nk., en æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um er að ræða fullt starf og til framtíðar. Laun eru skv. kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um stöðuna.

**Guðný Harðardóttir**, hjá STRÁ ehf. veitir frekari upplýsingar um störf. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is).

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stöð 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Suðurlandsbraut 30 - 108 Reykjavík

[www.stra.is](http://www.stra.is)

# FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS

[gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is)  
907 2002



Hjálparstarf kirkjunnar

## Laust starf eftirlitsmanns hjá Lyfjastofnun

Lyfjastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi starfsmann á eftirlitssvið. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf.



### EFTIRLITSMANNAÞUR

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í lyfjafræði eða sambærileg menntun
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvufærni
- Góð enskukunnátta
- Þekking og reynsla í störfum sem nýtist í verkefni eftirlitssviðs æskileg

#### Helstu verkefni:

- Eftirlit með lyfjaframleiðendum, lyfjaheildsölum og markaðsleyfishöfum
- Eftirlit með lyfjabúðum
- Eftirlit með klínískum lyfjarannsóknunum
- Lyfjagát
- Eftirlit hjá heilbrigðisstofnunum
- Eftirlit með lyfsölum dýralækna
- Flokkun vöru.
- Umsýsla leyfa vegna ávana- og fíkniefna
- Þátttaka í erlendu samstarfi

Upplýsingar um starfið gefur Haraldur Sigurjónsson sviðsstjóri, sími 520 2100

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Umsóknir um starfið óskast sendar, ásamt upplýsingum um fyrri störf og meðmælum, til Lyfjastofnunar á netfangið [lyfjastofnun@lyfjastofnun.is](mailto:lyfjastofnun@lyfjastofnun.is)

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2013.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin

## Störf í boði

Hefur þú áhuga á að starfa sjálfstætt??

Snyrtistofa í mjög góðum rekstri hefur til leigu rými fyrir snyrtifræðinga, fótaaðgerðafræðinga og nuddara. Stofan er vel tækjum búin. Mjög góður viðskiptamannahópur. Áhugasamir geta hafið störf nú þegar.

Ferilskrá og upplýsingar skal senda á [snyrtihus123@gmail.com](mailto:snyrtihus123@gmail.com)

**Hertz**



## Hertz óskar eftir starfsmanni á verkstæðið hjá okkur í Reykjavík.

Almennar hæfniskröfur:

- Bifvélavirkjun eða góð reynsla í viðgerðum
- Gilt bílpróf – Meirapróf mikill kostur
- Hreint sakavottorð
- Sveigjanleiki og rík þjónustulund
- Íslensku- og enskukunnátta krafist.

Umsóknarfrestur er til 10 maí n.k.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á: [atvinna@hertz.is](mailto:atvinna@hertz.is)

FLUGVALLARVEGUR 5 | 101 REYKJAVÍK | Sími 522 44 00



## Frumkvöðlastarf á Kirkjubæjarklaustri!

Friður og Frumkraftar – hagsmunafélag atvinnulífs í Skaftárhreppi óskar eftir verkefnisstjóra til starfa.

Skaftárhreppur er eitt fegursta svæði landsins, en innan marka hans eru bæði Vatnajökulsþjóðgarður og Kötlu jarðvangur.

#### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Umsjón með daglegum rekstri
- Stefnumótunarvinna, áætlanagerð og öflun styrkja
- Markaðssetning, auglýsingar og kynningarmál
- Stuðla að aukinni samvinnu aðila innan svæðis
- Efla gæði og stuðla að vöruþróun
- Ímyndar- og kynningarvinna fyrir svæðið
- Umsjón með rekstri upplýsingarmiðstöðvar ferðamanna á ársgrundvelli

#### Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi td. á sviði markaðs- og ferðamála
- Þekking og reynsla á helstu samskiptavefjum
- Þekking og reynsla á sviði atvinnu- og/eða ferðamála
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, drifkraftur og skipulagshæfni
- Góð íslensku og ensku kunnátta skilyrði, þriðja tungumál er kostur

Gert er ráð fyrir að starfstöð verkefnastjóra sé á Kirkjubæjarklaustri. Æskilegt er umsækjendur geti hafið störf sem fyrst en eigi síðar en 1.september 2013.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf um hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 1.júní 2013, fyrirspurnir og umsóknir skulu vera sendar á netfangið [fridur@klaustur.is](mailto:fridur@klaustur.is) en nánari upplýsingar veita Sveinn eða Ólafía í síma, 869-6750 eða 892-9650.

## Ráðgjöf um val á hæfum einstaklingum til stjórnarstarfa

#### Meginhlutverk og skyldur stjórnar

Stjórn félags ber meginábyrgð á rekstri félagsins og fer hún með æðsta vald þess á milli stjórnarfundu. Meginhlutverk stjórnar er m.a. að stuðla að viðgangi félagsins og árangri til lengri tíma lítið, hafa yfirumsjón með rekstrinum í heild og að hafa eftirlit með stjórnendum

#### Ráðgjöf okkar felst meðal annars í eftirfarandi:

- Skilgreining reynslu og þekkingar sem þörf er á innan stjórnar út frá eðli starfsemi og núverandi þörf
- Tillaga að heppilegri samsetningu einstaklinga innan stjórnar
- Leit að hæfum einstaklingum með bakgrunn sem fellur að þörfum félagsins

intellecta

ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Reynd

## LEYNIST Í ÞÉR SNILLINGUR?

REYND LEITAR AÐ REYNDU, METNAÐARFULLU FÓLKI TIL STARFA Á SVIÐI VIÐSKIPTA-LAUSNA Í ALÞJÓÐLEGU UMhverfi

#### HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun, t.d. í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði, viðskiptafræði eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af forritun og innleiðingu viðskiptalausna
- Reynsla af verkefnastjórn
- Hæfni í mannlegum samskiptum og skipulögðum vinnubrögðum
- Sjálfstæði, frumkvæði og nákvæmni í starfi
- Góð enskukunnátta

Umsóknir með ítarlegri ferilskrá skulu sendar á [job@reynd.is](mailto:job@reynd.is) merkt „Snillingur“ fyrir 19. maí 2013. Frekari upplýsingar veitir Bjarni Gaukur Sigurðsson ([gaukur@reynd.is](mailto:gaukur@reynd.is)). Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Reynd sérhæfir sig í ráðgjöf, innleiðingum og þjónustu á Microsoft Dynamics NAV og LS Retail.

Starfsmenn fyrirtækisins eru 19 talsins. Þeir hafa áralanga reynslu á þessu sviði og hafa unnið að fjölda slíkra verkefna innanlands sem og erlendis.

Þekking starfsmanna fyrirtækisins nær út fyrir hið hefðbundna svið upplýsingatækninnar. Innan fyrirtækisins eru aðilar sem hafa mikla reynslu af ráðgjöf til stjórnenda, breytingastjórnun innan fyrirtækja, greiningu gagna og rekstri fyrirtækja.

## Þjálfarar í sal óskast á heilsuræktarstöð fyrir konur

Sumarafleysing annars vegar og framtíðarhlutastarf hinsvegar. Mikilvægt að viðkomandi sé kvenmaður. Reynsla og/eða einkaþjálfaranám kostur en ekki nauðsyn. Áhugasamar sendi umsókn á netfangið [curves@curves.is](mailto:curves@curves.is)

# ÚTBOÐ

## Ný útbod í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Endurnýjun götulýsingar og veitukerfa
- 1. áfangi 2013 – Norðurmýri. Útbod nr. 13031.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)



**Reykjavíkurborg**  
Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík  
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)



## VIÐHALD OG ENDURBÆTUR HÚSA

F.h. Umhverfis og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er óskað eftir umsóknum verktaka til þátttöku í væntanlegum lokuðum útbodum og/eða verðfyrirspurnum vegna endurbóta, viðhaldvinnu o.fl. í fasteignum borgarinnar á eftirfarandi starfsviðum:

- **Blikksmiði**
- **Múrverk**
- **Húsasmíði**
- **Innréttingar**
- **Pappalagnir**
- **Raflagnir**
- **Pípulagnir**
- **Járnsmiði**
- **Málun**
- **Niðurrif**
- **Garðyrkja**
- **Dúkalögn**
- **Steypusögun**
- **Jarðvinna**
- **Stíflulosun**
- **Prif**

Nánari upplýsingar er að finna á [reykjavik.is/utbod](http://reykjavik.is/utbod)



**Reykjavíkurborg**  
Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík  
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

**jsó** Járnsmiðja Óðins ehf.



## Járnsmiður/málmiðnaðarmaður

**Fyrirtækið Jsó ehf Járnsmiðja Óðins**

**Leitar að** járnsmiðum, okkur vantar faglærða iðnaðarmenn í stálvirksmiði, vélvirkjun, rennismiði eða sambærilegu. Skilyrði er að umsækjandi tali íslensku.

**Starfið** felst í fjölbreyttri nýsmíði og uppsetningum. Sjá heimasíðu fyrirtækisins [www.jsó.is](http://www.jsó.is).

**Áhersla** er lögð á frumkvæði, áreiðanleika, léttu lund og þjónustulipurð auk sjálfstæðra vinnubragða og samstarfshæfni. Kunnátta að lesa teikningar er mikilvæg.

Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Umsókn sendist á [jso@jsó.is](mailto:jso@jsó.is)



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal enn fremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

## Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

### Gjaldeyriseftirlit - lögfræðingur

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa í gjaldeyriseftirliti bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Helstu verkefni lögfræðinga á skrifstofu gjaldeyriseftirlits eru að framfylgja lögum um gjaldeyrisráðgjafi. Í því starfi sem auglýsing þessi lýtur að felst meðal annars að afgreiða beiðnir um undanþágur frá lögum um gjaldeyrisráðgjafi, svara fyrirspurnum og erindum er lúta að túlkun laga um gjaldeyrisráðgjafi, samvinna við önnur svið Seðlabankans ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Starfinu fylgja einnig samskipti við innlenda og erlenda aðila og stofnanir.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði frá háskóla sem viðurkenndur er samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006
- Framúrskarandi ritfærni, bæði á íslensku og ensku
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Æskilegt er að umsækjendur getið hafið störf hið fyrsta.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Jón Karlsson, forstöðumaður, í síma 569-9600.

Sótt skal um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, [www.seðlabanki.is](http://www.seðlabanki.is), í síðasta lagi 20. maí næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Lögfræðingur	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavík	201305/022
Hagfræðingur, viðskiptafræðingur	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavík	201305/021
Forstöðumaður viðskiptaþróunarsv.	Ríkiskaup	Reykjavík	201305/020
Móttökustjóri	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201305/019
Vélfræðingur	LSH, rekstrarsvið	Reykjavík	201305/017
Hjúkrunardeildarstjóri Hjartagáttar	LSH, stjórn lyflækningasviðs	Reykjavík	201305/016
Sérfræðilæknir í nýrnalækningum	LSH, nýrnalækningar	Reykjavík	201305/015
Geislafræðingur, hjúkrunarfr.	LSH, geislameðferð krabbameina	Reykjavík	201305/014
Sérhæfður starfsmaður	LSH, dauðhrensunardeild	Reykjavík	201305/013
Kennarar	Fjölbrotaskólinn við Ármúla	Reykjavík	201305/012
Lögreglumenn	Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	Ísafjörður	201305/011
Lektor í viðskiptafræði	HÍ, viðskiptafræðideild	Reykjavík	201305/010
Lektor í félagsfræði	HÍ, félags- og mannvísindadeild	Reykjavík	201305/009
Lektor í réttarsögu	HÍ, lagadeild	Reykjavík	201305/008
Sérfræðingar hlutastörf	HÍ, menntavísindasvið	Reykjavík	201305/007
Lögfræðingur	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201305/006
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Hvammstangi	201305/005
Sviðsstjóri	Þjóðskrá Íslands	Reykjavík	201305/004
Eftirlitsmaður	Lyfjastofnun	Reykjavík	201305/003
Kennarar og námsráðgjafi	Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	Höfn	201305/002
Héraðsdómari	Héraðsdómur Reykjavíkur	Reykjavík	201305/001
Náms- og starfsráðgjafi	Menntaskólinn á Egilsstöðum	Egilsstaðir	201304/126
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201304/125
Framhaldsskólakennarar	Kvennaskólinn í Reykjavík	Reykjavík	201304/124

Vissir þú að...



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

börn eiga rætt  
að leika sér

# ÚTBOÐ

Ríkiskaup f.h. Isavia ohf. óskar eftir tilboðum í verkið:

## Útboð 15450 - Keflavíkurlugvöllur Malbikun akbrauta 2013

Verkið felst í viðgerðum og yfirlögn malbiks á tveimur akbrautum á Keflavíkurlugvelli auk staðbundinnar viðgerðar á þeirri þriðju.

Yfirlögn er 5 cm lag af fullþjöppuðu malbiki. Viðgerðir felast í því að fræsa 5 cm niður í núverandi yfirborð og leggja nýtt malbik í staðinn. Jaðar þess yfirborðs akbrauta sem leggja skal yfir er fræst með 4,5m breiðum lás. Um er að ræða akbraut ECHO-4 (yfirlag um 13.000 m<sup>2</sup>, viðgerðir um 5.400 m<sup>2</sup>) og akbraut NOVEMBER-3, (yfirlag um 10.000 m<sup>2</sup>, viðgerðir um 3.400 m<sup>2</sup>) auk viðgerðar við austur innkeyrslu inn á fluglað Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á akbraut NOVEMBER-4 (um 600 m<sup>2</sup>). Verktaki framleiðir malbik og leggur til allt efni sem þarf til verksins ásamt malbikun og flatarfræsun.

### Helstu verkþættir og magnþölur:

Malbiks útlögn	32.000 m <sup>2</sup>
Malbik	4.200 tonn
Flatarfræsun	16.300 m <sup>2</sup>

### Verki skal að fullu lokið fyrir 4. júlí 2013.

Nánari upplýsingar er að finna í útboðsgögnum sem verða aðgengileg á vef Ríkiskaupa, [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is) þriðjudaginn 7. maí 2013. Verð útboðsgagna kr. 3.500.- Tilboð verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska 21. maí 2013 kl 11:00 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík  
Sími 530 1400  
[www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

RÍKISKAUP



LANDSNET

### ÚTBOÐ VM3-01

## VESTMANNAEYJASTRENGUR 3 JARÐSTRENGUR, 66kV – Jarðvinna og lagning

Landsnet óskar eftir tilboðum í lagningu 66kV jarðstrengs í Austur-Landeyjum og á Heimaey í Vestmannaeyjum og að vinna það annað sem tiltekið er og lýst er í útboðsgögnum VM3-01.

Verk þetta er hluti af lagningu nýs 66kV rafstrengs fyrir Vestmannaeyjar, frá Aðveitustöð við Rimakot í Austur-Landeyjum að Tengihúsi við Skansinn í Vestmannaeyjum. Verkið felur m.a. í sér jarðvinnu, þ.e. skurðgröft, vatnsvarnir, fyllingar, slóðagerð, yfirborðsfrágang o.fl., lagningu rafstrengja og fjarskiptaröra, steypuvinnu og vinnu við landtöku sæstrengs, bæði í Austur-Landeyjum og á Heimaey.

### Helstu magnþölur:

- Skurðgröftur:	19.000m <sup>3</sup>
- Framleiðsla á lagnasandi:	4.300m <sup>3</sup>
- Fyllingar:	25.000m <sup>3</sup>
- Grjótvarnir:	600m <sup>3</sup>
- Steypumót:	500m <sup>2</sup>
- Lágstyrkssteypa	120m <sup>3</sup>
- Lagning háspennustrengs, 66kV:	5.100m
- Lagning fjarskiptaröra:	8.700m

### Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2013.

Útboðsgögn eru til afhendingar frá miðvikudegi 8. maí 2013, kl. 9:00, í afgreiðslu Landsnets, Gylfahlöt 9, 112 Reykjavík.

Tilboðum skal skila í afgreiðslu Landsnets, Gylfahlöt 9, 112 Reykjavík, eigi síðar en þriðjudaginn 21. maí 2013, kl. 14:00, þar sem tilboðin verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

## Aðalfundur

### Aðalfundur Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

verður haldinn mánudaginn 13. maí kl. 17:00 á skrifstofu samtakanna að Suðurlandsbraut 24.

Á dagskrá eru vejlæg aðalfundarstörf.

Athugið að tillaga að lagabreytingu liggur frammi á skrifstofu samtakanna.

Félagsmenn samtakanna eru hvattir til að mæta.

### Stjórn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi



## Umsóknir um framhaldsstyrki úr

# Verkefnasjóði sjávarútvegsins



## Verkefnasjóður sjávarútvegsins, deild um sjávarrannsóknir á samkeppnisviði, auglýsir eftir umsóknum um styrki til framhaldsverkefna.

Sjóðurinn mun styrkja rannsóknir á sjávarlífverum sem nú eru nytjaðar eða sem mögulegt væri að nytja. Áhersla verður lögð á verkefni sem efla rannsóknar- og þróunarstarf á lífríki sjávar og styrkja til lengri tíma lítið sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins og samkeppnishæfni sjávarútvegs.

Þar sem minna fjármagn en verið hefur er til ráðstöfunar í sjóðnum verða í ár einungis veittir styrkir til framhaldsverkefna. Þeir sem fengu styrk úr sjóðnum við síðustu úthlutun og hyggjast sækja um framhaldsstyrk skulu skila skýrslu um stöðu verkefnisins, ella koma viðkomandi umsóknir ekki til greina við úthlutun.

Styrkur nemur að hámarki 50% af áætluðum heildarkostnaði viðkomandi verkefnis og er veittur til eins árs í senn.

**Umsóknarfrestur er til 31. maí 2013** og skulu umsóknir sendar til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík. **Umsóknir skulu einnig berast á rafrænu formi á netfangið [hulda@anr.is](mailto:hulda@anr.is).** Umsóknir sem berast eftir 31. maí verða ekki teknar gildar nema póststimpill sýni að umsóknin hafi verið pósthöfð ekki síðar en þann dag.

Nánari upplýsingar um sjóðinn og leiðbeiningar um frágang umsókna er að finna á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins [anr.is](http://anr.is)

Ímyndanarafi / ANR




Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

## HÚSEIGN

Fasteignamiðlun

### Opið hús Brekkubýggð 17, Garðabæ, í dag kl. 14-15

Húseign kynnis;-  
Fallega, bjarta 2ja herbergja íbúð í  
Garðabæ með sérinngangi í klasahúsi.



Gott alrými, eldhús og baðherbergi, stórt hjónaherbergi og auka vinnuherbergi, sér geymsla. Allir velkomnir, Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 898-1177.

Suðurlandsbraut 48 • 108 Reykjavík • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109  
[huseign@huseign.is](mailto:huseign@huseign.is) • [www.huseign.is](http://www.huseign.is)  
Baldvin Ómar Magnússon - Löggiltur fasteignasali

## Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNA - PVERHOLTI 2  
• 270 MOSFELLSBÆ  
• SÍMI: 586 8080  
• FAX: 586 8081  
[WWW.FASTMOS.IS](http://WWW.FASTMOS.IS)

### Laxatunga 24-34 Mosfellsbæ



Til sölu

Nýtt á skrá

Vorum að fá í sölu raðhúsalengju við Laxatunga 24-34 í Mosfellsbæ. 243,5 m<sup>2</sup>, 5 herbergja raðhús á tveimur hæðum með bílskúr við Laxatunga í Mosfellsbæ. Húsin eru vel staðsett með góðu útsýni. Tvær svalir. Stórar stofur. Fjögur rúmgóð svefnherbergi. Björt rými og stórir gluggar. Húsin eru rúmlega foheld í dag og afhendast í núverandi ástandi. **Verð 24,0 til 25,2 m.**

### Hulduhlíð 9 Mosfellsbæ



3ja herb.

Nýtt á skrá

Rúmgóð 84,1 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð með sér inngangi og garði við Hulduhlíð 9 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 23,0 m.**



2ja herb.

Nýtt á skrá

### Litlakriki 33 neðri hæð – Mosfellsbæ

2ja herbergja, 60,0 m<sup>2</sup>, íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi við Litlakrika 33 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, svefnherbergi, geymslu, baðherbergi og þvottahús. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 16,5 m.**



Nýtt á skrá

### Kvíslartunga 62 Mosfellsbæ

240,2 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum við Kvíslartunga 62 í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er forstofa, stofa, sjónvarpshol og eldhús. Á 2. hæðinni eru fjögur góð svefnherbergi, fataherbergi, stórt baðherbergi og þvottahús inn af baði. Ýmis frágangur er eftir í húsinu. **Verð kr. 36,0 milljónir.**

Hafið samband við Einar Pál s. 899-5159 eða Svanþór s. 698-8555 varðandi skoðun.

**Miðhús 30**  
112 Reykjavík  
Falleg eign - með útsýni

Stærð: 245,8 fm  
Fjöldi herbergja: 6  
Byggingarár: 1990  
Fasteignamat: 59.750.000  
Bílskúr: Já

**RE/MAX**  
Alpha

**Opið Hús**



**SUNNUDAGINN 5.MÁÍ 2013 KL.17 - 18**

**Verð: 69.900.000**



VERIÐ VELKOMIN Í OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 5.MÁÍ KL.17-18.  
Fallegt,vel skipulagt og vel staðsett einbýli með einstöku útsýni. Húsið er skráð 236,8 fm í FMR ásamt 9 fm garðskúr en þess utan eru rúmlega 80 fm rými óskráð, sem er einstaklega vel skipulagt og vel nýtt. Húsið er á þremur þöllum, gólfhiti er í öllum gólfum og þau lögð með svörtum náttúrustein (Mustang) nema annað sé tekið fram í söluýfirliti. Baðherbergin eru þrjú og eru tvö þeirra flisalögð í hólf og gólf. Öll loft eru klædd fallgri og látlauis ljósi loftklæðningu. Lóðin er með grónum garði, hellulögðum stéttum og timburpalli með háum skjólveggjum. Rúmgóður sólþallur og heitur pottur. Lýsing er á palli og í garðinum. Innkeyrslan er fyrir tvær bifreiðar og er hellulögð með hitalög. Stúdíó íbúð er í óskráðu rými. Frábært hús í alla staði. SJÓN ER SÖGU RÍKARI !!! Allar nánari upplýsingar veitir Þórdís í síma 8621914 og/éða thordis@remax.is

Þórdís Davíðs  
Sölufulltrúi  
8621914  
thordis@remax.is

Haukur  
Halldórsson  
Lögg. fast. hdl.  
5107900  
thorarin@remax.is

RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is

**Kiðárskógur.**  
311 Borgarnes  
Tveir nýlegir bústaðir í Húsafelli

Stærð: 69,6 fm  
Fjöldi herbergja: 3  
Byggingarár: 2008  
Fasteignamat: 12.930.000


**RE/MAX**  
Lind

**Opið Hús**



**OPIÐ HÚS Í DAG LAUGARDAG FRÁ KL 14-18.**

**Verð: 16.900.000**



Tveir sumarbústaðir hljó við hljó sem voru fullkláraðir árið 2008. Bústaðirnir voru byggðir af sama aðila og eru þeir eins í útliti og eins innréttaðir. Hvor bústaður er um 70 fm að stærð að grunnfleti og stendur hvor þeirra á 1000 fm kjarrvaxinni lóð. Í hvorum bústaði eru 2 svefnherbergi og að auki er rúmgott svefnloft. Við hvort hús eru heitir pottar. Bústaðarnir eru staðsettir inni á Húsafellssvæðinu þar sem ýmis afþreying er í boði eins og gólfvöllur, sundlaug og fallegar gönguleiðir. Rólfæri niður í þjónumiðstöð þar sem er verslun og veitingastaður. Nánari upplýsingar á www.husafelli.is. Verð: 16,9 millj kr stk.

Andri Sigurðsson  
Sölufulltrúi  
690 3111  
andri@remax.is


Þórarinn Jónsson  
Lögg. fast. hdl.  
5107900  
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

**Auðbrekka.**  
200 Kópavogur  
GOTT VERÐ.

Stærð: 398,8 fm  
Fjöldi herbergja: 11  
Byggingarár: 1963  
Fasteignamat: 35.370.000

**RE/MAX**  
Lind



**HAGSTÆÐ KAUP FYRIR FJÁRFESTA.**

**Verð: 42.600.000**

Um er að ræða 398,8 fm atvinnuhúsnæði á 2 hæð á frábærum (gengið inn bakatí) staði í Kópavoginum. Húsnæðið er nýlega endurnýjað að stórum hluta að innan m.a gólfefni (parket og flisar), hurðar, ljós ásamt nýlegum sturtuklefa á öðru baðherberginu. Öll rýmin hafa sama inngang í húsi. Góð aðkoma og næg bílastæði. Húsnæði með leigusamning. Gott verð og frábært fjárfestingartækifæri fyrir fjárfesta, verð aðeins heildarmánaðarlauga x 77 mánuðir.

Andri Sigurðsson  
Sölufulltrúi  
690 3111  
andri@remax.is

Þórarinn Jónsson  
Lögg. fast. hdl.  
5107900  
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

**Laufrimi 16**  
112 Reykjavík  
Séríngangur og garður

Stærð: 105,4 fm  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1996  
Fasteignamat: 21.400.000

**RE/MAX**  
Lind

**Opið Hús**



**Sunnudaginn 5.mái milli kl 15:00-15:30**

**Verð: 26.900.000**

NÝTT Á SKRÁ - RE/MAX LIND kynnr í einkasölu bjarta og fallega 4ra herbergja endaíbúð á frábærum stað við Laufríma í Grafavogi, séríngangur og afgirtur séráfnotarreit. Þrjú rúmgóð svefnherbergi með fataskápum, baðherbergi og aðstaða fyrir þvottavél innan íbúðar. Eldhús opið að hluta inn í bjarta borðstofu/stofu en þaðan er gengið út í suður garð eða séráfnotarreit. Allar frekari upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir sölufulltrúi/viðskiptafræðingur í síma 663 2300, thorey@remax.is - Remax Lind.

Þórey Ólafsdóttir  
Sölufulltrúi  
663 2300  
thorey@remax.is

Þórarinn Jónsson  
Lögg. fast. hdl.  
5107900  
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

**Hverafold 120**  
112 Reykjavík  
Vel staðsett einbýli með auka íbúð

Stærð: 275,5 fm  
Fjöldi herbergja: 8  
Byggingarár: 1985  
Fasteignamat: 61.400.000  
Bílskúr: Já

**RE/MAX**  
Lind

**Opið Hús**



**Sunnudaginn 5. maí frá 14:00-14:30**

**Verð: 66.900.000**

